- Nefnd í lið ársins í 2. deild kvenna árið 2017 á fótbolta.net
- Valin efnilegust í Inkasso deild kvenna 2018 af fótbolta.net
- Semur við Fylki í október 2018
- Valinn í A-landslíðið 8.8. 2019

● Nú er það bara hennar að standa sig. Hún er ekki að fara á þessar æfingar bara til að vera með, svo mikið er víst. Það myndi koma mér mjög á óvart.

Rúnar Haraldsson, faðir Cecilíu

Hún var byrjuð að vera betri en ég ansi snemma. Það er bullandi fótbolti í henni líka varðandi tækni og annað og trúlega gæti hún haldið á lofti yfir þúsund sinnum.“

## Lukkuskref að vera hjá Steina

Rúnar segir að það hafi verið mikil heppni fyrir dóttur sína að kynntast Þorsteini Magnússyni markmannsþjálfara. „Steini er búinn að vera með henni í einhver þrjú ár. Hann kynntist henni í KSÍ markmannsbúðum og hafði samband við mig og vildi vinna með henni.

Ég kynntist honum svo betur og vildi að hún væri hjá honum. Það var mikið lukkuskref. Svo fer hann til Fylkis á síðasta ári og verður markmannsþjálfari karla og kvenna. Cecilía fann eftir tímabilið í fyrri að hún vildi færa sig skrefi ofar og fara í Pepsi. Kjartan Stefánsson, þjálfari Fylkis, hafði verið verið að fylgjast með henni og fyrir okkur var þetta engin spurning eða efi að ganga í raðir Fylkis.

Nú er hún komin með markmannsþjálfarann sinn sem aðstoðarþjálfara og mann sem er á öllum æfingum sem er erfitt að toppa. Plús líka að ég vissi að Kjartan væri til í að taka áhættu með því að henda henni út í djúpu lauginu. Hún var bara 15 ára og flestir voru ekki alveg að kaupa það að hann ætlaði að setja 15 ára stelpu í mark í Pepsi Max deildinni. Svo þegar tækifærið kom þá greip hún það og hefur ekki litið um öxl síðan.

Ég held líka að hún hafi tekið lítil skref, ekki of stór í einu. Þetta snýst bara um að fá að spila. Það er það eina sem skiptir máli, finnst mér. Að finna stað þar sem leikmaður finnur traust og fær að spila.

En auðvitað er þetta að gerast hraðar en ég átti von á, eðlilega. En hitt var líka hratt. Að fara að spila með meistaraflokki UMFA áður en hún fermdist og vera komin í Pepsi Max aðeins 15, en landsliðið er auðvitað miklu stærra. Ég hef samt engar áhyggjur af henni.“

**NÝR OPEL AMPERA-E**

# AFHENDINGARHÁTÍÐ

## AMPERA-E

Nú afhendum við fyrstu bílana og sláum upp rafmagnaðri hátíð.

Krókhálsi 9  
10. ágúst kl. 12–16  
Ís, pylsur og gos



**100% rafmagnsbíll sem kemst lengra en þú heldur, rúmar meira en þú heldur og er sneggri en þú heldur.**

**Við gátum útvegað fleiri bíla**

og nú á enn betra verði vegna gengisbreytinga

**Verð frá 4.990.000,-**

Kynntu þér þína drægni á [opel.is](http://opel.is)



THE FUTURE IS EVERYONE'S

Nánari upplýsingar á [opel.is](http://opel.is)

Opnunartímar  
Virka daga 9–18  
Laugardaga 12–16

**Bílabúð**  
**Benna**

# Að duga eða drepast í Laugardalnum

Íslenska karlalandsliðið í körfubolta mætir Sviss í öðrum leik Íslands í undankeppni EuroBasket 2021 í Laugardalshöll í dag. Íslenska liðið má ekki við því að tapa fyrir Sviss sem mætir með sitt sterkasta lið, þar á meðal miðherja Houston Rockets í NBA-deildinni.

**KÖRFUBOLTI** Íslenska karlalandsliðið mætir Sviss í öðrum leik Íslands í undankeppni EuroBasket 2021 í Laugardalshöll í dag. Eftir naumt tap Íslands fyrir Portúgal í vikunni er landsliðið komið í þá stöðu að það má varla við því að tapa öðrum leik í riðlakeppninni ef Strákarnir okkar ætla sér áfram á næsta stig undankeppninnar. Efsta lið riðilsins fær þátttökurétt í umspilinu fyrir EuroBasket 2021 og er Ísland að reyna að komast í lokakeppnina þriðja skiptið í röð en með ósigri í dag eru örlögin ekki lengur í höndum íslenska liðsins.

Þetta er í níunda skipti sem Ísland mætir Sviss og hefur Ísland til þessa unnið tvisvar, síðast í undankeppni EuroBasket 2017 á heimavelli þar sem liðið lék á als oddi.

Íslenska liðið fékk ekki langan tíma til endurhæfingar eftir grátlegt tap fyrir Portúgal í vikunni á meðan Sviss hefur fengið heila viku til að undirbúa þennan leik.

„Undirbúningurinn hefur gengið ágætlega, við vorum búnir að undirbúa gögn um svissneska liðið og höfum verið að fara yfir það þó að auðvitað væri maður til í meiri tíma,“ segir Craig Pedersen, þjálfari landsliðsins, hreinskilinn spurður út í undirbúningstímann á milli leikja.

„Við þurftum að hætta undir eins að hugsa um þennan tapleik



Hörður Axel og Ragnar ræða málin á æfingu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

í Portúgal. Við eigum möguleika á því að vinna herna heima og þá er allt jafnt í riðlinum. Auðvitað voru menn vonsviknir eftir leikinn í Portúgal þar sem hlutirnir dattu ekki með okkur í lokasókninni, þetta er annað árið í röð sem við töpum með minnsta mun úti í Portúgal en spilamennskan var góð. Það komu mistök en heilt yfir léku menn vel og við fengum gott framlag frá mörgum leikmönnum og við gerðum allt sem við ætluðum okkur þótt það hafi ekki dugað til.“

Stærsta verkefni Íslands er að

**Við þurftum að hætta undir eins að hugsa um þennan tapleik í Portúgal.**

Craig Pedersen

stöðva Clint Capela, miðherja Sviss sem leikur með Houston Rockets og var með 16,6 stig og 12,7 fráköst að meðaltali í NBA-deildinni síðasta



Jón Axel lék vel með íslenska liðinu í Portúgal. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

vetur en Craig minnti á Sviss væri einnig með öflugar skyttur.

„Clint er frábær í því sem hann gerir auk þess sem það eru öflugir leikmenn á vængjunum, góðar skyttur sem við þurfum að hafa góðar gætur á,“ segir Craig.

Það er því ærið hlutverk sem bíður miðherja íslenska liðsins að stöðva Capela í teig íslenska liðsins.

„Hann er frábær í vaggi og veltu (e. pick and roll) og frábær í kringum körfuna en hann vill helst vera sem næst körfunni. Hann er ólíkur mörgum af evrópsku miðherjunum

sem vilja jafnvel draga sig út fyrir þriggja stiga línuna,“ segir Hlynur Bæringsson sem er orðinn vanur því að mæta leikmönnum á þessu getustigi eftir að hafa farið tvívegis í lokakeppni EuroBasket.

„Maður er aðeins búinn að venjast þessu þótt það sé spennandi að takast á við leikmann sem er að spila með einu af bestu liðum NBA-deildarinnar. Hún dofna kannski aðeins með árunum, spennan við að takast á við þessar stjórnur,“ segir Hlynur glottandi.

kristinnpall@frettabladid.is

## Nýr og spennandi Hyundai i20.

Verð frá:  
**2.390.000 kr.**



### Sýndu skynsemi. Veldu nýjan i20.

Nýr i20 er fánlegur með sjálfvirkri neyðarhæmlun, akreinavara og sjálfvirkri hækkun og lækkun aðalljósa. Innréttingin hefur fengið nýtt og vandaðra yfirbragð, nýr 7" snertiskjár nýtir sér fullkomnustu margmiðlunartækni á borð við Apple CarPlay™ og Android Auto™.

Verið velkomin að reynsluaka nýjum og glæsilegum Hyundai i20.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

**HYUNDAI**

Hyundai | Kaupúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

**5** ÁR  
**ÁBYRGÐ**  
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

POTTURINN STEFNIR Í

75

MILLJÓÑIR





### BERGLIND PÉTURSDÓTTIR

sjónvarpsmaður

„Ég ætla að vera í Úkraínu á meðan þessir tónleikar fara fram og útiloka ekki að þessir tónleikar séu akkúrat ástæðan fyrir að ég ákvað að fara svona langt í burtu. Ég þekki ekki lög téðs Eds. Annars bara mjög hress.“



### ELLIÐI VIGNISSON

bæjarstjóri Ölfuss

„Ég geri ráð fyrir því að það sé þessi írski trúbadur sem ætlar að spila í Reykjavík, en nei þangað kemst ég ekki. Við í hinu öfluga Ölfusi erum enda að halda upp á hamingjuna þessa helgi og höfum boðað til okkur besta tónlistarfólk landsins þessa helgi því á föstudaginn bjóðum við upp á tónleika með t.d. Baggalút, Daða Frey og GDRN. Á laugardagskvöldið verður svo Jarli trúbadur úr Eyjum hjá okkur. Hver velur írskan trúbadur í Reykjavík um fram trúbadur úr Eyjum sem spilar í Ölfusi?“ spyr Elliði. „Ég hef nú ekki hlustað mikið á þennan ágætis mann. Heyrði þó að hann hafi samið lagið Drunk sem ég hef nokkurt gaman af.“




# Spennan magnast fyrir Sheeran

Eftirvænting er fyrir tónleika stórstjörunnar Eds Sheeran, en hann heldur tónleika hér á landi í kvöld og annað kvöld. Allt stefnir í langstærstu tónleika Íslandssögunnar. Fréttablaðið tók þekktu einstaklinga tali og spurði um upphaldslög þeirra og hvort þau ætli sér á tónleikana. Meðganga, bæjarhátíðir og Hinsegin dagar eru meðal þess sem kemur í veg fyrir mætingu.

### SIGRÚN ÓSK KRISTJÁNSDÓTTIR

sjónvarpsmaður

„Já, okkur hjónum áskotnaðist óvænt miðar á síðari tónleikana svo ég er að fara eftir allt saman. Ég er spennust fyrir að heyra hann taka I see fire sem var í myndinni The Hobbit. Ég get hlustað á það aftur og aftur og aftur.“



### AUÐUNN BLÖNDAL

sjónvarpsmaður

„Nei, því miður er ég ekki að fara á tónleikana. Veit ekki hvaða kæruleysi það er! Finnst hann geggjaður en hef verið sofandi þarna fyrir 2 árum þegar miðasalan fór í gang.“



### EYÞÓR ARNALDS

borgarfulltrúi

„Ég fer með börnunum mínum. Ed á ótrúlega marga smelli. Ætli Shape of you sitji ekki fastast. Fólk er mismunandi í laginu og það er elskað segir í laginu!“



### HANNA KATRÍN FRÍÐRIKSSON

þingmaður

„Ég fer ekki á tónleikana, enda verð ég á fullu að vera hinsegin alla helgina. Uppáhaldslagið mitt eftir Ed Sheeran er líklega bara Shape of you!“



### KRISTJÓN KORMÁKUR

fjölmiðlamaður

„Ég er í Ungverjalandi, á leiðinni til Vínarborgar og þessi Ed var vist hér í fyrradag. Ég fór ekki á tónleikana hér og fer nú ekki að gera mér ferð til Íslands til að sjá hann. Ég þekki engin lög með Ed þessum en sá hann þó um daginn syngja á pólskri sjónvarpsstöð eittvert lag með Justin Bieber. Það eina sem ég veit er að hann elskar Ísland og finnst gaman að vera í íslensku landsliðstreyjuni, svo hann vill vera einn af okkur, sem mér finnst einkennilegt, enda flest betra í útlöndum. Í ljósi alls þessa ætti ég að vera síðasti maðurinn sem fær spurningu um þennan geðþekka pilt, en ég skelli mér kannski á teknótónleika á meðan þið hin

skemmtið ykkur í Laugardalnum. Er ekki tónleikarnir annars þar?“



### MARÍA RUT KRISTINSDÓTTIR

aðstoðarmaður formanns Viðreisnar

„Nei, ég ætla ekki að fara. Erum á lokametrum meðgöngu og tökum enga sénsa þótt það kæmi fæðingunni eflaust af stað að mæta og dilla sér í takt við tónlistina! Uppáhaldslagið er samt klárlega Photograph – myndbandið maður ... gets me every-time.“



# PIER



**TORONTO** sófi grátt flauel. L230 x D94 x H67cm  
~~149.900 kr.~~ Nú 119.920 kr.



**MANHATTAN** sófi blátt flauel. L220 x D97 x H77 cm.  
~~189.900 kr.~~ Nú 151.920 kr.

**20%  
AFSLÁTTUR  
AF ÖLLUM  
SÓFUM**



**MUNICH** þriggja sæta sófi. L270 x D90 x H68 cm.  
~~229.900 kr.~~ Nú 183.920 kr.

**FEGRUM STOFUNA 20% AFSLÁTTUR**



**AROMA** ilmkerfi í ýmsum stærðum og ilmum.  
Verð frá 390 kr.



**20%  
AFSLÁTTUR AF  
ÖLLUM KERTUM  
OG ILMUM**



**MIDAS** ilmkerfi. 250 g.  
~~2.490 kr.~~ Nú 1.992 kr.



**VIENESSE** flauelispúðar.  
50 x 50 cm. ~~1.990 kr.~~ Nú 1.592 kr.

**20%  
AFSLÁTTUR AF  
ÖLLUM PÚÐUM**



**CORA** teppi. 100% bómull. 130x150 cm.  
~~3.990 kr.~~ Nú 3.192 kr.

**20%  
AFSLÁTTUR AF  
TEPPUM OG  
GÆRUM**




**RUBY** gæruskin. Margir litir.  
~~9.990 kr.~~ Nú 7.992 kr.

**20%  
AFSLÁTTUR AF  
HÆGINDASTÖLUM**



**KALMAR** stóll. ~~69.900 kr.~~ Nú 55.920 kr.  
Skemill. ~~29.900 kr.~~ Nú 23.920 kr.



[www.pier.is](http://www.pier.is)

Gildir 8. ágúst - 14. ágúst. \*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

**KORPUTORG**

LAU. OG SUN. 12-18 - VIRKIR DAGAR 11- 18:30

**SELFOSS**

LAU. OG SUN. 10-18 - VIRKIR DAGAR 11- 18:30





# ENSKI BOLTINN

## á Síminn Sport

Boltinn er farinn að rúlla á **Síminn Sport**. Boðið verður upp á enn fleiri leiki en áður, UHD-útsendingar og spennandi íslenskt ítarefni.

Sjónvarpsstöðin **Síminn Sport** er innifalin í **Sjónvarpi Símans Premium**, en stök áskrift kostar **4.500 kr.** á mánuði. Stöðin er aðgengileg á öllum dreifikerfum Símans, Sýnar, Hringdu og Nova.


Gakktu frá áskrift á [siminn.is/enski](http://siminn.is/enski) eða í síma **800 7000**



# 4.500

 kr.

Síminn Sport er innifalin í  
**Sjónvarpi Símans Premium**



Fyrsti þáttur  
á sunnudag!

# VÖLLURINN

Tómas Þór stýrir nýjum og ferskum umræðuþætti  
á sunnudögum á Síminn Sport.

Góðir gestir og einvalalið sérfræðinga fara yfir allt  
það helsta úr leikjum helgarinnar, strax að síðasta  
leik loknum. Fylgstu með Vellinum í allan vetur.

## Leikir helgarinnar

<b>LAU.</b>	11.00	<b>WEST HAM – MAN. CITY</b>
	13.30	<b>CRYSTAL PALACE – EVERTON</b> <i>Opin dagskrá!</i>
	16.00	<b>TOTTENHAM – ASTON VILLA</b>
<b>SUN.</b>	12.30	<b>NEWCASTLE – ARSENAL</b>
	15.00	<b>MAN. UTD. – CHELSEA</b>
	17.30	<b>VÖLLURINN</b>



nettó

HÚSAMÍÐJAN

Coca-Cola

ICELANDAIR

siminn.is/enski



Högni og Arndís eru miklir vinir. Arndís segist hafa móðurtilfinningu gagnvart honum og tvíburabróður hans, Andra. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Vinátta listelskra systkina

Systkinin **Arndís** og **Högni Egilsbörn** tala um fjölskyldu-söguna og vináttuna sem einkennir samband þeirra. Listin færir þau enn nær hvort öðru og stundum fá þau tækifæri til að vinna saman.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir  
kristjana@frettabladid.is



Það er bjart yfir systkinunum Arndísi og Högna sem koma til fundar við blaðamann í blómum prýddum Alþingisgarðinum. Högni hefur verið á tónleikaferðalagi um landið og undirbýr tónleika með Hjaltalín í Eldborg. Og í næstu viku verður frumsýnd ný íslensk kvikmynd, Héraðið, í leikstjórn Gríms Hákonarsonar þar sem Arndís fer með aðalhlutverk.

Þó að það sé sextán ára aldursmunur á þeim eru þau Arndís og Högni bundin sterkum böndum og eru nán.

„Ég hef mikla móðurtilfinningu gagnvart Högna og tvíburabróður hans, Andra. Þeir eru yngstir en við erum fjögur systkinin, ég er elst, þá er það bróðir okkar hann Hrafnkell sem er fimm árum yngri en ég. Áður en Högni og Andri fæddust misstum við bróður okkar,“ segir Arndís frá en Egill Högni lést eftir skammvinn veikindi aðeins fimm ára gamall.

„Þetta var eins og náttúruhamfarir sem komu yfir fjölskyldu okkar. Mamma varð ólétt að Högna og Andra ári eftir að hann dó. Þá var ég sextán ára gömul og mér fannst ég þurfa að passa þá gagnvart heiminum. Ég var í MH á brjáluðu tímabili og að ganga í gegnum unglingsárin

en var á sama tíma haldin þessari ríku ábyrgðartilfinningu.“ segir Arndís frá og Högni tekur undir að missirinn hafi komið yfir fjölskylduna eins og hamfarir.

## Missti trúna á hið góða

„Allir skilja það að fjölskyldan okkar missti trúna á hið góða þegar litli strákurinn þeirra var tekinn frá þeim. Foreldrar okkar skildu og það varð erfitt á heimilinu,“ segir Högni. Þau taka það samt bæði fram að þau hafi fengið mjög kærleiksrikt og hvetjandi uppeldi enda foreldrar þeirra gott fólk. En skilnaður tekur á alla fjölskyldumeðlimi og er aldrei auðveldur. Ég upplifði ekki fráfall bróður míns, en tómarúmið sem ríkti á eftir,“ segir Högni og segist ríkur að hafa átt sterka systur sem var honum mikil fyrirmynd.

„Ég bý við endalausán kærleika frá systur minni og hún var mér sterk fyrirmynd. Hún var töff og með fjólublátt hár, hún hlustaði á góða tónlist, franska og gamla slagara og átti flippaðan myndlistarkærasta. Hún flutti til Parísar um tvitugt í nám og við fengum að heimsækja hana þangað nokkrum sinnum. Ég varð fyrir miklum áhrifum af Arndísi og ég leit upp til hennar.“

Systkinin voru bæði listelsk frá unga aldri. „Þú varst alltaf að teikna, ég man eftir því að þú teiknaðir afar listrænar og flottar myndir aðeins tíu ára gamall,“ segir Arndís og Högni rifjar upp ferðalag til Flórída með pabba þeirra.

„Ég man eftir þessu. Við fórum í frí með pabba til Flórída. Hann vildi fara í svona týpískt fjölskylduferðalag og bjóða okkur í Disneyland. Við borðuðum svo mikið af hamborgurum, þú sagðir að við hefðum öll komið eins og tunnur til baka,“ segir Högni og Arndís skellir upp úr og segist handviss um að það hafi ekki verið hún sem hafði þau orð um ásigkomulagið á þeim eftir hamborgaraátið í Flórída heldur mamma þeirra.



ÉG VISSI STRAX ÞÁ AÐ ÉG

YRÐI AÐ ÞORA AÐ VERÐA

LISTAMAÐUR OG LÍKA AÐ

ÞAÐ GÆTI ORÐIÐ HÆTTU-

LEGT. MAÐUR GETUR AÚD-

VITAD ENDAÐ SEM GALINN

MAÐUR Á STOFNUN.

„En alla vega þá teiknaði ég dramatískar myndir. Sat í bílnum á hraðbrautinni og teiknaði sólina með svörtum kolum. Teiknaði myrkríð í lifinu þarna í Flórída,“ segir hann brosandi.

„En það er rétt hjá Arndísi að ég var strax á þessum aldri staðráðinn í að verða listamaður og var haldinn þessari óslökkvandi forvitni og þrá. Ég vissi strax þá að ég yrði að þora að verða listamaður og líka að það gæti orðið hættulegt. Maður getur auðvitað endað sem galinn maður á stofnun,“ segir hann og gerir grimmt grín að sjálfum sér. Högni lýsti fyrir nokkrum árum reynslu sinni af því að greinast með geðhvörf og hefur tekið virkan þátt í að opna umræðuna um þýðingu þess að takast á við djúpar geðsveiflur og varpa burt skömm og alls kyns mýtum sem fylgja því.

## Geðhvörf og tungumálið

Hefur það einhvern tímann verið byrði að nærri allir landsmenn vita hvað þú ert að takast á við?

„Nei, það held ég það ekki. Þetta er bara svona,“ segir Högni. „Það

skiptir miklu máli að vinna að betri samfélagslegri meðvitund um geðheilbrigðismál og opna á umræðuna.“

Finnst þér þá skipta máli að þeir sem eru með geðhvörfin lýsi reynslu sinni til að rétta af myndina?

„Já, það er til dæmis ennþá talað um að fólk sé veikt þegar það er í manni. Ég er ekki sammála því að nota tungumálið á þennan hátt um geðhvörf. Ég gæti farið í rándýra greiningu á geðhvörfum og rætt um andatru, goðsögu, menningarsögu, drauma og það hvernig hugmyndir hafa mótast um hugarburð okkar. En ég bíð aðeins með það. Það sem skiptir máli er hins vegar að inn-sæi og reynsla okkar sem erum að takast á við þetta skiptir máli. Ég er um þessar mundir að ljúka við gerð heimildarmyndar um þessi mál efni ásamt Andra Snæ Magnasyni, um heimsókn mína til filaprinsessunnar í Nepal sem er einnig með geðhvörf.“

Myndin sem Högni segir frá ber vinnutitilinn Þriðji póllinn og segir frá filaprinsessunni Önnu Töru sem kallar til sín Högna til að kveða niður skömmina sem fylgir geðhvörfum með því að halda saman tónleika í Katmandú.

## Einveran í Búðardal magísk

Þau sitja ekki auðum höndum, systkinin, og þess er ekki langt að biða að landsmenn fái að horfa á nýjustu kvikmynd Gríms Hákonarsonar, Héraðið. Hún verður frumsýnd 14. ágúst og fjallar um kúabóndann Ingu sem Arndís leikur. Tökur fóru að miklu leyti fram við Erpsstaði í Dalasýslu og Arndís þurfti að undirbúa sig undir hlutverkkið og réð sig í sveit til Heiðu Guðnýjar fjallabónnda til að læra réttu handtökin.

„Helga og Þorgrímur, bændurnir á Erpsstöðum þar sem myndin er tekin upp, hjálpuðu mér líka að finna taktinn í bústörfunum og kenndu mér á traktora og alls kyns fleiri tryllitæki. Ég er borgar-

# Frábærar Borgarferðir

LOVE  
is  
love


Flug &  
gisting frá kr.  
**77.895**



Ertu með hóp?

Hafðu samband við okkur á [hopar@heimsferdir.is](mailto:hopar@heimsferdir.is)  
og fáðu tilboð í þinn hóp.

**Prag** 26. september og 3. október **4 & 3 nætur**



**Clarion Congress Hotel**

Frá kr. **77.895**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting, Morgunverður



**Búdapest** 19. október í **4 nætur**



20.000 KR. AFSLÁTTUR Á MANN

**Hotel Hungaria City Center**

Frá kr. **79.995**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting, Morgunverður



**Valencia** 11. október í **4 nætur**



**Hotel Silken Puerta Valencia**


Frá kr. **99.395**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting, Morgunverður



**Ljubljana** 3 & 25. október í **3 nætur**



**Hotel Park**


Frá kr. **96.995**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting, Morgunverður



**Palma de Mallorca** 31. október í **4 nætur**




**Joan Miró Museum**


Frá kr. **97.995**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting, Morgunverður



**Róm** 1. nóvember í **4 nætur**



**Smooth Hotel Rome**


Frá kr. **99.995**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting, Morgunverður



**Porto** 14. nóvember í **3 nætur**



**Hotel Eurostars Heroismo**

Frá kr. **97.995**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting, Morgunverður



**Albert og Bergþór í Róm** 1. nóvember



4 NÁTTA SÆLKERAFERÐ

Gist er á hótelinu Londra E Cargill ★★★★★

Gleðigjafarnir Albert og Bergþór eru  
mættir aftur til leiks og munu með  
sinni algæri snilld og gleði krydda  
borgarferðina okkar til Rómar  
haustið 2019.

Frá kr. **139.995**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting, Morgunverður



595 1000 • **Bókaðu þína ferð á** [heimsferdir.is](http://heimsferdir.is)

**Heimsferðir**



Frilanslífið getur verið taugatrekkjandi og efinn fylgir því að skapa. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



## Hádegisfundur með þingflokki sjálfstæðismanna

Í dag, laugardaginn 10. ágúst kl. 11:00 stendur þingflokkur Sjálfstæðisflokksins fyrir opnum fundi í Valhöll, Háaleitisbraut 1.

Á fundinum mun Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins og fjármála- og efnahagsráðherra, ræða stjórnáviðhorfið og sitja þingmenn síðan fyrir svörum.

Kaffiveitingar og allir velkomnir!



Á réttri leið

SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN

barn, var aldrei send í sveit sem barn og þurfti að læra réttu handtökin. Tökurnar fóru svo að mestu fram þar síðasta vetur og reyndu á líkamlega. Ég þurfti að læra mikið, það var kalt og ég var alltaf í þessum kraftgalla. En þetta var magnað tímabil og kærleiksrikt með samheldnu fólki sem mér þykir vænt um. Ég var mikið ein og það kom mér á óvart hvað það reyndist mér vel. Ég bjó í litlu húsi í Búðardal sem stóð við hafið. Og þar var ég mest ein, í nærri tvo mánuði. Mér fannst þetta mjög gott fyrir fókusið. Auðvitað saknaði ég fjölskyldu minnar og fór heim í páskafrí og svona. En ég á alveg magiskar tófrastundir innra með mér þar sem ég sat snemma á morgnana og seint á kvöldin við gluggann og horfði út á hafið. Mér finnst ég aldrei hafa séð jafn fallegan himin. Meira að segja Úlfhildur dóttir mín sem kom til mín í heimsókn í húsið ásamt eiginmanni mínum, Eiríki Stephensen, sagði við mig um daginn, mamma, eigum við ekki að fara einhvern tímann aftur í þetta hús í Búðardal? Hún fann þetta líka, alveg einstaka fegurð, einbeitingu og ró.“

Og hvernig myndir þú lýsa aðal-söguhetjunni, Ingu?

„Inga er kúabóndi og rekur stórt kúabú í einhverjum firði á Íslandi. Börnin eru orðin stór og farin í skóla. Hún og maðurinn hennar eru þarna ein en hann deyr þarna í byrjun myndarinnar. Í þessu sorgarferli þá uppgötvar hún ýmislegt. Til dæmis spillingu í samfélaginu og hún fer í baráttuham. Þetta er í raun klassísk saga lítilmagna sem ris upp gegn yfirvaldinu og hún er svolitil jaðarmanneskja þarna í bændasamfélaginu sem er mest karlar. Hún er að minnsta kosti ekki alveg normið þarna í sveitinni.“

### Ástin getur verið innantóm

Högni hefur verið á tónleikaferðalagi um landið. Hann hélt ellefu tónleika á tveimur vikum.

Finnst þér gott að vera úti á landi? Finnur þú fyrir einbeitingu og friði eins og systir þín?

„Ég ihuga meira í náttúrunni. Það verður til samhengi við náttúruna. Að fylgjast með tímanum líða út frá sjónarhóli trés. Eða hugsu um það hvernig jörðin snýst út frá óravíddum geimsins. Mér finnst verðmætt að fá tíma til þess að vera einn. Maður finnur einhvern sannleika og þarf tíma og fókus til þess. Ég hugsaði svolítið um hlýnun jarðar í sumar og hvaða meðvitund fólk þarf til þess að takast á við vandann. Og praktískar lausnir á því. Við þurfum að standa við Parísarsáttmálann. Ég hugsaði líka um ástina og kærleikann. En hún getur verið svo innantóm og afvegaleiðandi, því án vits komumst við ekki áfram. Ástin er ekki nóg, það þarf að gera eitthvað.“

Systkinin hafa nokkrum sinnum unnið saman og nú semur Högni tónlistina fyrir aðra kvikmynd sem Arndís fer með hlutverk í, Ölmú, í leikstjórn Kristínar Jóhannesdóttur en Snæfríður Ingvarsdóttir, unnusta Högna, leikur aðalhlutverkið. Kvikmyndin er í vinnslu og verður líklega sýnd á næsta ári.

„Það er gott að tengjast líka sem vinnufélagar, þá hitti ég þig líka meira,“ segir Arndís.

„Þetta er magnað verk Kristínar og ég hlakka til þegar landsmenn fá að sjá kvikmyndina. Ég væri annars til í að semja sínfónískt verk um þig, svona ævintýri þar sem þú ert skessa!“ segir Högni og Arndís hlær.

### Laxasalat og línuskautar

Högni, segðu mér eitthvað um Arndís sem lesendur hafa ekki minnsta grun um.

„Hún elskar rækjusalat. Nei, laxasalat, sem er svo miklu verra,“ segir hann og þau hlæja bæði. „Ég meina hver borðar eiginlega laxasalat?“ bætir hann við og Arndís reynir ekki að verja þessa athugasemd hans þrátt fyrir ást sína á laxasalati.

En hvað um hann Högna? Spyr blaðamaður og gefur Arndís tækifæri til að svara fyrir sig.



### FÓLK HELDUR AÐ ÞAÐ

### VITI ALLT UM HÖGNA.

### EN ÞAÐ GERIR ÞAÐ ALLS

### EKKI. HANN ER OFSALEGA

### BARNGÓÐUR, MJÖG GÓÐUR

### OG SKEMMTILEGUR VIÐ

### STELPUNA MÍNA OG MÉR

### ÞYKIR ROSALEGA VÆNT

### UM ÞAÐ. HANN ER LÍKA

### ALVEG FÁRÁNLEGA GÓÐUR

### Á LÍNUSKAUTUM.

„Fólk heldur að það viti allt um Högna. En það gerir það alls ekki. Hann er ofsalega barngóður, mjög góður og skemmtilegur við stelpuna mína og mér þykir rosalega vænt um það. Hann er líka alveg fáránlega góður á línuskautum,“ segir Arndís.

„Ég elskaði að fara á línuskauta sem krakki. Fór á Ingólfstorg og stökk á þeim úr tröppunum. Æðsti draumur minn þá var að komast á spons hjá Intersport. Nú væri ég meira til í spons frá Bang & Olufsen. Annað sem fáir vita um mig er að ég er gríðarlegur keppnismaður og legg mikið á mig til að verða góður í því sem ég geri. Að spila tónlist. Ég æfi mig mikið. Fólk hefur stundum skrytnar hugmyndir um músík, að hún komi til manns á einhvern dularfyllan hátt. En hún snýst um hárfina og nákvæma, mikla vinnu. Hún er gáfa sem þarf stöðugt að vera að vinna í og tengja við. Tónskáld er maður sem vaknar á morgnana, burstar tenurnar, horfir á spegilmýnd sína og hugsar, ég nenni ekki að fara að vinna í dag. En gerir það samt. Því músík er þess virði, hún er svo merkileg. Hún er ósýnilegt andrúmsloft tíðna heimsins. Allt sem við sjáum er tíðni, tónlistin er leikur að tíðninni og magnað afl.“

### Frilanslífið taugatrekkjandi

Stór verkefni eru fram undan hjá þeim báðum í vetur. Arndís er að fara að leika í verkinu Engillinn í Þjóðleikhúsinu sem er byggt á gjörningum og leikritum Þorvaldar Þorsteinssonar og Högni undirbýr tvenna stórtónleika Hjaltalín sem verða í Hörpunni í september.

„Þegar maður er frilans þá koma reglulega stundir þar sem maður hugsar, æi, ég fæ engin hlutverk. Ég á bara eftir að leika þessa bóndakonu og svo verður ekkert meir.“

Högni kannast vel við þennan hugsunarhátt. „Já, maður hugsar bara með sér, æi, nú þakka ég bara saman og fer að læra fiskihagfræði og sel fisk. Ég er ömurlegur listamaður.“

„Þetta er bara hluti af manni, kannski taka sumir skarpari dýfur. Frilanslífið getur verið taugatrekkjandi en það er líka gott,“ segir Arndís.

„Þú hefur engan til að verja. Ert frjáls, með fullri virðingu fyrir þeim sem eiga ekki kost á þessu frelsi. Frelsið er dýrmætt öllum listamönnum,“ segir Högni.

„Mér finnst eðlilegt að efast reglulega um hvað maður hefur fram að færa. Þú ert eiginlega algjör fáviti ef þú efast ekki nokkurn tímann,“ segir Arndís.

Högni minnir á að það megi þó ekki staldra lengi við í sjálfsgagnrýni.

„En samt er engin dyggð að efast. Það á enginn að smækka sig. Þú átt að þora að taka þér þá pláss sem þú þarft og það er skylda þín sem manneskja að gera það sem hugurinn stendur til.“

# HELGIN

LAUGARDAGUR 10. ÁGÚST 2019

## Helgin



Hinsegin dagar í Reykjavík hófust á fimmtudaginn og standa yfir til 17. ágúst. Dagskráin er fjölbreytt og eitthvað í boði fyrir alla aldurshópa. Dragdrottningin Starína ætlar að lesa fyrir börn í dag. ➔4

### EINSTAKT KOLLAGEN RAKAKREM

GEFUR GÓÐA  
NÆRINGU OG  
MIKINN RAKA



Fæst í apótekum, Heilsuver,  
www.lyfja.is og www.heilsanheim.is



Hafrún Ósk er að fara í annað skipti á Ed Sheeran tónleika. Hún segir að upplifunin sé mögnuð og algjörlega meiriháttar að sjá hann á sviði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Hver mínúta með Ed Sheeran dásamleg

Hafrún Ósk Sigurhansdóttir varð heldur betur undrandi þegar hún tók upp jólagjöf frá eiginmanninum 2017. Þar leyndist ferð til Dyflinnar á tónleika með stórstjörnunni Ed Sheeran. Í kvöld fær hún að upplifa þá aftur. ➔2

## Framhald af forsiðu →

Elin  
Albertsdóttir  
elin@frettabladid.is



Hafrún Ósk segir að jólagjöfin hafi komið henni stórkostlega á óvart. Hún hafi verið mikill aðdáandi Eds Sheeran og tónleikarnir voru fyrirhugaðir 18. maí 2018. „Ég gat varla bedið. Raunar er ég óendanlega mikill Eurovision-aðdáandi og var dauðhrædd um að þetta myndi skarast en svo reyndist ekki vera. Hafði hugsað mér að fara til Portúgal og sjá keppnina með eigin augum en fékk ekki miða sem betur fer. Ed Sheeran tónleikarnir voru algjörlega ógleymanleg lífsreynsla og Eurovision-lögin í fyrri urðu að láta í minni pokann þar sem Ed var alltaf á fóninum hjá mér,“ segir Hafrún. „Mig hafði lengi dreymt um að sjá hann á sviði þannig að ósk mín var að rætast. Með gjöfinni fylgdi mynd af mér og Ed sem eiginmaðurinn hafði haft fyrir að fótósjoða. Sagan er reyndar hálfsgöð því ég gleymdi að opna þennan pakka og var farin að taka til eftir pakkaflóðið með sópinn í hendinni þegar gjöfin uppgötvaðist. Ég fór bara að gráta með kústinum upp við öxlina,“ segir Hafrún og skellihlær þegar hún rifjar þetta upp.

## Með stjörnunni í návígi

„Það eru ekki til nein orð sem lýsa því nógu vel hversu geggjaðir þessir tónleikar voru, fóru langt fram úr væntingum. Þeir fóru fram í stórum garði, Phoenix Park, í Dyflinni. Við mættum snemma, upp úr eitt eftir hádegi en svæðið var ekki opnað fyrr en klukkan hálf fimm. Við settumst bara niður og höfðum það notalegt í rosalega góðu veðri,“ útskýrir hún. „Reyndar vissum við ekki þá að þeir sem myndu mæta fyrstir á svæðið fengju besta staðinn fyrir framan sviðið. Fimm hundruð manns komust þangað og þar á meðal við.“


Hafrún segir að eiginmanninum, Birni Albertssyni, hafi ekki litist á blikuna fremst við sviðið. Vildi helst ekki taka pláss frá öllum unglingsstelpunum. „En við vorum þarna allt til enda. Fórum hvorki á salerni né að kaupa bjór. Satt að segja var hver einasta mínúta dásamleg. Á tónleikunum voru um 60 þúsund manns. Það voru þrennir tónleikar í Dyflinni og sami fjöldi á þeim öllum,“ upplýsir Hafrún.

## Allir sungu með

Þeir sem komu fram með Ed á tónleikunum voru hin vinsæla Anne-Marie, Jamie Lawson og Beoga.



Áhorfendur geta átt von á stórkostlegum tónleikum að því er Hafrún Ósk segir og hún hefur reynsluna.  
FRÉTTABLAÐIÐ/  
ERNIR



Á tónleikum Eds Sheeran í Dyflinni. Þar voru sextíu þúsund áhorfendur.

Hafrún segir að upphitunin hafi því einnig verið stórkostleg. „Það var geggjað að sjá Anne-Marie. Hún er stórkostleg söngkona. Flutti meðal annars hið vinsæla lag Rockabye. Um leið og tónleikarnir hófust með upphitun fór fjórið í gang og ótrúleg stemming strax meðal áhorfenda. Allt gekk ótrúlega vel fyrir sig. Ed sjálfur var alveg á réttum tíma og ég minnst þess ekki að hann hafi tekið


nokkra pásu. Eiginlega trylltist allt þegar hann mætti. Það er svo stórkostlegt að sjá manninn einan á sviðinu allan þennan tíma og hann hélt áhorfendum heilluðum allan tímann. Ég held að hver einasti maður á svæðinu hafi sungið með honum, allir kunnu textana og lögin. Ég fæ enn gæsaþúð yfir því hvað þetta var æðislegt og hlakka rosalega til að sjá hann aftur,“ segir Hafrún og er greinilega orðin mjög spennt. „Ég er samt búin að lofa mannum mínum að standa ekki upp við sviðið að þessu sinni,“ bætir hún við í gamansömum tón. Hafrún segist hafa verið með þeim fyrstu sem keyptu miða á tónleikana á Laugardalsvelli. „Ég hefði getað fengið miða í stúkunnunni en langaði frekar að geta hreyft mig og labbað um.“

## Magnaður á sviði

Ed Sheeran hefur lengi verið í miklu uppáhaldi hjá Hafrúnu og hún segir að það hafi fyrst og fremst verið lögin hans sem heilluðu. „Ég þekki öll lögin og finnst þau æðisleg. Sum lög sem maður tekur ekkert sérstaklega eftir á Spotify verða mögnuð þegar hann flytur þau á sviðinu. Hann skiptir um gítar eftir hvert lag og það er mjög gaman að fylgjast með honum á sviðinu.“



Sviðið var glæsilegt hjá Ed Sheeran.



Miðarnir sem Hafrún fékk í óvænta jólagjöf frá eiginmanninum.

Hafrún hafði ekki áður farið á tónleika erlendis en hún hefur séð nokkrar þekktar hljómsveitar hér á landi, meðal annarra Duran Duran. „Mig hefði langað til að sjá Adele en hún hefur ekki verið með tónleika lengi. Núna hugsa ég bara um Ed Sheeran tónleikana í kvöld. Þeir sem eru með miða eiga eftir að fá stórkostlega og ógleymanlega upplifun. Maðurinn minn var ekkert spenntur fyrir Ed áður en við fórum til Dyflinnar en núna hlakkar hann líka mikið til. Þetta er rosalegt „show“ og algjörlega einstakt,“ segir Hafrún sem hefur alltaf verið mikill tónlistarunnandi.

## Algjör Eurovision-nörd

„Ég hef náttúrlega alltaf verið rosalegur Eurovision-nörd og er ákveðin í að fara á keppnina áður en hún verður haldin á Íslandi. Ég er þess fullviss að það verður einhver tónleikur,“ segir hún. „Ég hef fylgst með Eurovision síðan ég var barn og ætlaði einu sinni að giftast

Johnny Logan,“ segir hún hlæjandi og þakkar fyrir að úr því hafi ekki orðið. Hafrún er 47 ára og segir að hún hafi alls ekki verið elst á Ed Sheeran. „Fólk á öllum aldri er hrifin af lögum hans. Það er einmitt skemmtilegt hvernig hann höfðar til breiðs aldurshóps. Við erum að fara nokkur saman og ætlum að helga tónleikum daginn, mæta snemma og upplifa. Ég ætla að njóta alla leið,“ segir hún.

## Æðislegt sumar

Hafrún sem starfar í tölvudeild Heklu og Björn, maður hennar, sem er matreiðslumaður, hafa verið í sumarfrí sem endar um þessa helgi. Þau hafa notið sumarsins og meðal annars siglt um Suður-Frakkland. „Það var mjög afslappað frí auk þess sem við sáum Frakkland frá nýju sjónarhorni, vínekrur, kastala og litla, fallega bæi. Þetta er búið að vera æðislegt sumar og hápunkturinn verður núna um helgina.“

## Evonia

Evonia eykur hárvöxt með því að veita hárrótinni næringu og styrk.



Fyrir

Eftir

Evonia er hlaðin bæti-efnum sem næra hárið og gera það gróskumeira. Myndirnar hér til hliðar sýna hversu góðum árangri er hægt að ná með Evonia.

www.birkiaska.is

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Benedikt Bóas Hinriksson, benediktboas@frettabladid.is, s. 550 5763 | Ásta Eir Árnadóttir, astaeir@frettabladid.is, s. 550 5764 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Sólrún Freyja Sen, solrunfreyja@frettabladid.is, s. 550 5765 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Útgefandi: Ábyrgðarmaður: Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@Torg ehf Kristin Þorsteinsdóttir@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

# Að léttast á heilbrigðan hátt

Fat Burner™ inniheldur sérvalin innihaldsefni sem styðja við heilbrigða og skilvirka fitu-brennslu. Jurtir, rætur og fræ ásamt kólíni sem getur stuðlað að eðlilegu niðurbroti á fitu.

Flestar jurtir, rætur og fræ hafa verið notaðar í lækninga-skyni í aldaradír og jafnvel árbúsundir. Vestræn samfélög hafa á síðastliðnum áratugum kannski ekki verið nógu dugleg að leita í þennan „lyfjabrunn náttúrunnar“ þar sem kröfur um faglega þekkingu og viðurkenndar rannsóknir hafa aukist mikið. Sem betur fer hefur bæði þekkingu og fræðslu fleytt fram og er nýting okkar nútímafólks á þessum efnum alltaf að aukast og notkun að verða almennari.

Innihaldsefnin í Fat Burner™ eru sérvalin með tilliti til meltingar og örvunar á líkamsstarfsemi, sérstaklega fyrir þá sem vilja léttast á náttúrulegan hátt. Eins og með öll önnur þyngdarstjórnunarefni, þá dugir ekki að taka þau inn og viðhalda fyrri venjum því að sjálf-sögðu er grundvallaratriði að laga mataræðið og stunda heilbrigðan lífsstíl. Það getur þó verið gott að fá örhlitla hjálp, til dæmis við að draga úr bólgum, losna við þjúg, örva líkamsstarfsemi og niðurbrot fitu.

## Örvandi og hreinsandi innihaldsefni

- Yerba mate: Trjátegund sem vex víða í Suður-Ameríku og hafa greinar og stíkar yfirleitt verið notuð í te í hinum ýmsu útgáfum. Þar er það drukkíð bæði heitt og kalt en þar sem það inniheldur koffín er það örvandi. Yerba mate er afar ríkt af öðrum innihaldsefnum en það inniheldur 196 efnasambönd og þar af eru 144 þeirra einnig að finna í grænu tei. Þar á meðal eru öflugir andoxarar, pólifénólur, vítamín og steinefni þannig að það getur haft góð áhrif á ónæmiskerfið, aukið einbeitingu og orku ásamt því að geta stutt við þyngdartap samhliða heilbrigðu mataræði.
- Nigella-fræ: Hafa verið notuð til heilsuþótar allt frá tímum faraóa í Egyptalandi. Þau eru oft notuð til matargerðar en þau innihalda yfir 100 efnasambönd sem geta nýst okkur til heilsuþótar og þar á meðal er til dæmis bætt lifrarstarfsemi og lækun á blóðsykri. Engu að síður þarf viðtækari rannsóknir til að staðfesta það.
- Grænt te: Ýmsar verkanir hafa verið tengdar grænu tei og má til að mynda nefna jákvæð áhrif



Innihaldsefnin í Fat Burner™ eru sérvalin með tilliti til meltingar og örvunar á líkamsstarfsemi, sérstaklega fyrir þá sem vilja léttast á náttúrulegan hátt.



Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfari.

á blóðfitu (lækkun þriglyseríða og kólesteróls), hressandi og örvandi ásamt því að hjálpa fólki í yfirþyngd að léttast. Betri rannsóknir er þó þörf til að staðfesta þetta.

Þegar við erum komin á þann stað að vera í nægilegu jafnvægi til að taka á mataræðinu af krafti, það er að segja, ef við ætlum að léttast, þá er Fat Burner™ eitt af því sem getur hjálpað til. Það inniheldur kólín sem getur stuðlað að eðlilegu niðurbroti á fitu og stutt við þyngdartap.

Hrönn Hjálmarsdóttir heilsumarkþjálfari

- Mjólkurpistill: Er fyrst og fremst þekktur fyrir að vera sérlega uppbyggjandi og nærandi fyrir lifrina og getur því stuðlað að bættri lifrarstarfsemi. Í gegnum tíðina hefur þetta einnig verið notað gegn gallblöðruvandamálum, til að stuðla að framleiðslu brjóstamjólkur og vernda lifrina gegn snákæitri, alkóhóli og ýmsum öðrum eiturefnum.
- Kólín: Kólín er nauðsynlegt næringarefni sem er oft flokkað með B-vítamínunum vegna eiginleika þess og áhrifa á líkamsstarfsemina. Það er lifrænt, vatnsleysanlegt efnasamband sem við framleiðum í litlum mæli og því þurfum við einnig að fá það úr fæðunni. Kólín er nauðsynlegt til að minnka kólesteról í lifrinni og því getur skortur á kólíni valdið fitu- og kólesteróluppsöfnun í lifur.

## Heilbrigður lífsstíll

Þegar líf okkar er ekki í jafnvægi, verður mataræðið oft verra og allt hefur þetta áhrif á heilsu okkar og líðan. Að sofa nóg, borða hreina fæðu, stunda hreyfingu, góður félagsskapur og tómstundaiðja er eitthvað sem er nauðsynlegt til að okkur líði sem allra best. Ýmislegt getur valdið því að við eigum erfitt með að ná jafnvægi og má þá til dæmis nefna streitu sem getur verið afleiðing fjárhagsáhyggja, of mikillar vinnu, vandamála í samskiptum o.fl. Gott er að horfa vel inn á við og finna út hvað það er sem við viljum breyta eða þarf að vinna í til að okkur líði betur. Þetta getur verið afar erfitt fyrir suma en alltaf er best að takast á við rót vandans til að ná sem bestum árangri. Þegar við erum komin á þann stað að vera í nægilegu jafnvægi til að taka á mataræðinu af krafti, það er að segja, ef við ætlum að léttast, þá er Fat Burner™ eitt af því sem getur hjálpað til.



## Astaxanthin

Eitt öflugasta andoxunarefni náttúrunnar

Astaxanthin er unnið úr örþörungum. Þetta öfluga andoxunarefni getur dregið úr bólgum og verndað gegn sterkum útfjólubláum geislum sólar en aðrir góðir kostir eru m.a. að það getur:

- Stuðlað að heilbrigðri hjartastarfsemi og bætir ónæmiskerfið
- Stutt heila-, húð-, lið-, vöðva- og augnheilbrigði
- Verndað frumur gegn oxunarskemmdum



Astaxanthin frá Algalíf er 100% náttúrulegt hágæða bætiefni, framleitt á sjálfbærnan hátt við kjöraðstæður sem tryggja að innhaldið skili sér til neytenda.

Útsöluastaðir: Öll apótek, heilsuverlanir og heilsuhillur stórmarkaðanna



# Dragdrottningin Starína les um fjölbreytileika fyrir börn

Hinsegin dagar í Reykjavík hófust á fimmtudaginn og standa yfir til 17. ágúst. Tuttugu ár eru liðin frá því hinsegin hátíðahöld hófust í Reykjavík og verður dagskráin í ár fjölbreytt sem aldrei fyrr og eitthvað er í boði fyrir alla aldurshópa. Dragdrottningin Starína ætlar að lesa fyrir börn í dag.

Sandra Guðrún  
Guðmundsdóttir  
sdragudrun@frettabladid.is



Dragdrottningin Starína, sem leikin er af Ólafi Helga Ólafssyni, verður með sögustund í Bókasafni Kópavogs í dag þar sem hún les bókina Fjölskyldan mín fyrir börn. „Ég hef alltaf verið frekar barnvæn dragdrottning. Mig hefur alltaf langað að gera meira fyrir krakka sem Starína og fékk þessa hugmynd að hafa samband við bókasöfnin og bjóða upp á lestur,“ segir Ólafur Helgi.

Bókasafn Kópavogs hafði svo samband til baka og úr varð þessi sögustund. „Ég hef heyrt að þetta sé vinsælt í Bandaríkjunum. Mér skilst að það sé hópur af dragdrottningum sem vinna við það að lesa fyrir börn á bókasöfnum, í dragi. Þau reyna að lesa hinseginvænar bækur, ef svo má að orði komast en mér skilst samt að þau lesi líka bara alls konar bækur.“

Ólafur Helgi segist halda að þetta verði í fyrsta sinn sem dragdrottning les fyrir börn á bókasöfnum á Íslandi en hann vonar þó að þetta verði ekki í síðasta skiptið. „Þetta er eitthvað sem ég er mjög spenntur fyrir,“ segir hann.

„Bókin Fjölskyldan mín er eftir Ástu Rún Valgerðardóttur og Lára Garðarsdóttir myndskreytti. Hún fjallar um mismunandi fjölskyldumynstur. Friðjón á tvær mömmur, hann er í leikskóla og þar kemur

í ljós að krakkarnir eiga mismunandi fjölskyldur. Sumir eiga tvær mömmur, sumir eiga mömmu og pabba, sumir eiga mömmu, pabba og stjúpfóreltra og sum börn eru ættleidd frá útlöndum en eiga mömmu og pabba frá Íslandi. Þannig að ég er að lesa fyrir börnin um fjölbreytileika. Þetta er auðlesin og þægileg bók sem ég hef heyrt að krakkar elski.“

Ólafur segir að þó þetta sé í fyrsta sinn sem Starína lesi fyrir börnin á bókasöfnum sé þetta ekki í fyrsta sinn sem hann komi fram fyrir börn. „Allir vagnarnir mínir á Pride frá því árið 2010 hafa verið hugsaðir fyrir börn. Ég var með Disney-þema á vagninum mínum árið 2010 og eftir það ákvað ég að framvegis yrðu vagnarnir mínir spennandi fyrir börn.“

Ólafur segist líka hafa gaman af að koma fram fyrir ungt fólk en hann kemur einnig fram á öðrum viðburði á Hinsegin dögum sem er skipulagður af jafningjafræðslunni í Hafnarfirði. Viðburðurinn kallast Ung og hinsegin „Þetta er hinsegin kvöld, haldið af ungu fólki fyrir ungt fólk og ég verð einn af listamönnum sem koma fram þar.“ Frítt verður inn en allur ágóði af viðburðinum rennur til hinsegin félagsmiðstöðvar Samtakanna '78.

“Allir vagnarnir mínir á Pride frá því árið 2010 hafa verið hugsaðir fyrir börn.“



Starína vill gera meira fyrir börnin.  
MYNDIR/LOVISA SIGURJÓNSDÓTTIR



Dragdrottningin Starína verður með sögustund fyrir börn í Kópavogi.

## Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi

### 80 ára BOÐSKORT

Þann 19. ágúst næstkomandi verða liðin 80 ár frá stofnun Blindrafélagsins. Af því tilefni býður stjórn Blindrafélagsins til hátíðarsamkomu kl. 16:00 á Hilton Reykjavík Nordica.

Á dagskrá verða ávörp frá forseta Íslands, hr. Guðna Th. Jóhannessyni, og formanni Blindrafélagsins, Sigþóri U. Hallfredssyni. Félags- og barnamálaráðherra Ásmundur Einar Daðason skrifar undir samstarfssamning við Blindrafélagið um fjármögnun leiðsöguhundaverkefnis.

Samfélagslampi Blindrafélagsins verður afhentur. Nokkrir af framúrskarandi tónlistarmönnum meðal félagsmanna munu sjá um tónlistarflutning á samkomunni.

Allir félagsmenn, bakhjarlar, stuðningsmenn og velunnarar Blindrafélagsins eru boðnir velkomnir á samkomuna á meðan húsrúm leyfir.

Til að geta gert nauðsynlegar ráðstafanir varðandi veitingar óskum við eftir því að þeir sem hyggjast mæta skrái sig í síma 525 0000 eða í afgreidsla@blind.is.

Fyrir hönd stjórnar Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi.

Sigþór U. Hallfredsson  
formaður



43 börn hafa skrifað skilaboð í flöskuskeytið sem rekur vonandi á land.

## Senda flöskuskeyti á Töfragöngu

Hin árlega Töfragöngu verður haldin á Ísafirði í dag. Gangan hefst klukkan 10.45 við Byggðasafnið í Neðsta Kaupstað og endar við Edinborgarhúsið. Eftir gönguna verður boðið upp á töfrasýningu, söng og leiki. Síðan verða börn fram réttir frá Pakistan, Írak, Þýskalandi, Nígeríu, Tailandi, Bandaríkjunum, Króatíu, Póllandi og Íslandi. Fólk er hvatt til að mæta í litríkum klæðnaði eða búningum.

Gangan er haldin af skipuleggjendum Tungumálatöfra, sem er námskeið ætlað 5-11 ára gömlum börnum. Tilgangur námskeiðsins er að efla íslenskukunnáttu barna af erlendum uppruna sem búa á Íslandi og íslenskra barna sem hafa alist upp annars staðar en hér á landi.

Á töfragöngunni munu 43 börn af 10 þjóðernum, sem hafa tekið þátt í Tungumálatöfranámskeiði, fleyta flöskuskeytum. „Það verður sent eitt, stórt flöskuskeyti

sem þessi 43 börn eru búin að búa til saman,“ segir Anna Hildur Hildibrandsdóttir, formaður framkvæmdastjórnar Tungumálatöfra. Þau senda skilaboð sem þau eru búin að teikna og skrifa á renning sem verður settur í flöskuskeytið. „Í skeytinu verða upplýsingar um Tungumálatöfra svo hver sá sem finnur skeytið getur haft samband. „Við vitum ekki hvert það rekur en erum spennt að vita hvort það komi einhvers staðar á land.“

Vaída Braziúnaité er verkefnastjóri göngunnar og námskeiðsins sem var haldið í sumar, hún segir það spennandi hvernig bæði námskeiðið og gangan sé að þróast. „Börnin læra íslensku í gegnum söng og myndlist og í ár bættist töframaður við í kennarahópinn,“ en það er töframaðurinn Einar Mikael Mánason. „Þema ársins er námskeiðinu og í göngunni á morgun er því töfrar og töfrabrogð.“

# Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands\*

Sölufultrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 550 5626

\*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

Job.is

## Framkvæmdastjóri

Traust þjónustu- og framleiðslufyrirtæki leitar að öflugum og framsýnum aðila í starf framkvæmdastjóra. Fyrirtækið er staðsett á höfuðborgarsvæðinu og starfa þar u.þ.b. 40 manns. Áhugavert tækifæri í boði hjá fyrirtæki með mikla vaxtarmöguleika.

### Helstu viðfangsefni:

- Umsjón með daglegum rekstri
- Stjórnun og leiðtogahlutverk
- Markaðs- og sölumál
- Samskipti við stjórn og eftirfylgni með stefnumótun stjórnar

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Farsæl stjórnunar- og rekstrarreynsla
- Árangursrík reynsla af markaðs- og sölustarfi á fyrirtækjamarkaði
- Tengsl og reynsla í sjávarútvegi er kostur
- Hæfni í samningagerð, öguð vinnubrögð og frumkvæði í starfi

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

Umsóknarfrestur er til og með 19. ágúst 2019. Nánari upplýsingar um starfið veita Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) og Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) í síma 511 1225. Umsókn óskast fyllt út á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is) og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.



## SNILLINGUR Í BÓKHALDI

80 - 100% starfshlutfall

Við óskum eftir liðsauka í að efla fjármálasvið fyrirtækisins auk þess sem viðkomandi mun taka að sér önnur tengd verkefni í rekstri fyrirtækisins. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af störfum af þessum toga auk þess að hafa ríka þjónustulund gagnvart samstarfsfólki og viðskiptavinum.

### Hæfniskröfur eru:

- Góð reynsla af fjármálum, bókhaldi og rekstri almennt
- Menntun sem nýtist í starfinu
- Framúrskarandi tölvuþekking
- Góð enskukunnátta ásamt einu Norðurlandatungumáli er kostur.

Lindex er fjölskyldufyrirtæki stofnað 2011 og rekur 7 verslanir á Íslandi auk vefverslun [lindex.is](http://lindex.is). Til viðbótar er stefnt að opnun fyrstu verslunarinnar í Danmörku í haust.

Umsóknir með ferilskrá berist á [atvinna@ldx.is](mailto:atvinna@ldx.is)

merktar „Snillingur í bókhaldi“

Umsóknarfrestur er til og með 20. ágúst nk.

LINDEX




GET IT ON  
Google Play

Kristlín Dís  
Ingilínardóttir  
kristlin@frettabladid.is



**A**ð fæða og grípa mitt eigið barn á mínum forsendum er það magnaðasta sem ég hef gert," segir Ronja Mogensen, 22 ára myndlistarkona, sem eignaðist aðra dóttur sína með Klemens Hannigan, söngvara hljómsveitarinnar Hatara, á heimili þeirra í miðbænum þann 24. júní. Við heima-fæðingu eldri dóttur þeirra, Valkyrju, sendu ljósmæður Ronju á sjúkrahús til að fæða. Í kjölfarið tók hún þá ákvörðun að hún vildi fæða barn sitt á eigin spýtur til að forðast óþarfa inngríp frá heilbrigðiskerfinu.

„Þegar þú ert að fæða ertu berskjölduð, bæði líkamlega og andlega, og ert svo ótrúlega opin og hrá að þegar einhverjir koma inn í þitt rými þá hafa þeirra skoðanir og ótti áhrif á þína reynslu og upplifun.“

Ronja vildi hafa fullkomið vald yfir eigin aðstæðum og Klemens var því sá eini sem var viðstaddur fæðinguna.



#### ÉG TREYSTI LÍKAMA

#### MÍNUM OG ÉG TREYSTI

#### KONUM TIL AÐ VITA HVAD

#### ER ÞEIM OG BÖRNUNUM

#### ÞEIRRA FYRIR BESTU.

#### Ekki læknisfræðilegur viðburður

„Þú þarft ekki að vita eða læra neitt til þess að fæða barn. Líkami þinn veit hvernig hann á að gera það, alveg eins og hann vissi hvernig hann átti að búa barnið til. Ég treysti líkama mínum og ég treysti konum til að vita hvað er þeim og börnunum þeirra fyrir bestu. Konur hafa þróast í milljónir ára til að geta fætt börnin sín og lifað það af. Fæðingar eru ekki læknisfræðilegur viðburður.“

Ósk Ronju um rómantíska laugarfæðingu eftir að hún gekk með eldri dóttur sína réttist ekki. „Ég var með yndislegar heimaljósmæður en mér varð strax ljóst að þær stjórnuðu aðstæðunum.“ Þegar liða fór á fæðinguna vildu ljósmæðurnar fara með hana upp á sjúkrahús. „Ég skildi þetta ekki, þetta var erfiðisvinna en mér leið ekkert illa, en um leið og ég heyrði þær segja þetta sannfærðist ég um að það hlyti að vera eitthvað að og að ég væri að skynja líkama minn vitlaust.“

Á endanum eignaðist Ronja Valkyrju á sjúkrahúsi. „Ég fékk mænu-deyfinu sem var svo sterk að ég þurfti að biða þar til hún rann af mér til að geta fætt.“ Fæðingin var að hennar sögn ekki slæm en skildi eftir óbragð í munnum. „Mér leið svo ótrúlega undarlega af því að fyrir fæðinguna hafði ég verið svo ótrúlega örugg en missti síðan allt traust á sjálfri mér og streittist gegn því sem var að gerast í líkama mínum með því að samþykkja að fara á spítala.“

Ákveðin fæðingarþráhyggja hel-tók Ronju eftir að Valkyrja kom í heiminn og sankaði hún að sér öllu efni sem hún komst í um fæðingar. Eftir heilmikla rannsóknarvinnu fékk hún ákveðna hugljómun. „Ég rakst á fæðingarsögu frá konu, sem var fyrrverandi ljósmóðir og hafði fætt öll sín börn sjálf, bara heima með mannum sínum.“

Þetta var vendipunktur í lífi Ronju. „Það talar enginn um að þú getir gert þetta sjálf en um leið og ég heyrði þetta þá var það svo ➔



Fæðing eldri dóttur Ronju var að hennar sögn mun erfiðari. „Mér leið mér eins og það væri verið að biðja mig um að kúka á mig fyrir framan þúsund manns. Fyrir mér var mun einfaldari lausn að gera þetta sjálf heima hjá mér,“ segir Ronja Mogensen um heima-fæðingu dóttur sinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Tók á móti eigin barni í baðkarinu heima

**Ronja Mogensen** tók þá ákvörðun að eignast dóttur sína ein og óstudd á heimili sínu í miðbænum. Hún segir fæðingar vera náttúrulegan viðburð og vildi sjálf forðast óþarfa inngríp af hendi heilbrigðisstarfsfólks. Mikilvægast finnst Ronju að konur fái sjálfar að velja þær aðstæður sem þeim líður best í til að fæða börnin sín, sama hvar það er.

Kolefnisjafnaðu eldsneytisviðskiptin með Olís

# VIÐ GREIÐUM HELMING Á MÓTI ÞÉR

Pictor/WVA / SFA



Skráðu þig á [olis.is](https://olis.is)



+



=



Lykil- og korthafar gefa  
eftir 2 krónur af afslætti

Olís greiðir  
2 krónur á móti

4 krónur af hverjum lítra  
fara til Landgræðslunnar



Olís – í samstarfi við Landgræðsluna

Landgræðslan vinnur að fjölbreyttum verkefnum á sviði kolefnis-  
bindingar – uppgræðslu lands, skógrækt og endurheimt votlendis.





➔ augljóst, auðvitað get ég það.“ Þegar hún varð aftur ólétt kom því enginn annar valkostur til greina.

#### Ótti umlykur fæðingar

„Það tók sinn tíma að þora að viðurkenna fyrir sjálfri mér og öðrum í kringum mig að ég ætlaði að gera þetta vegna óttans sem umlykur fæðingar í samfélaginu.“ Fyrstu viðbrögð aðstandenda sem fengu að vita að hverju Ronja stefndi voru oftast ekki að spyrja hvort þetta væri löglegt.

„Ég sagði fáum frá, af því að ég vissi að þetta myndi mæta mikilli andstöðu.“ Klemens var strax sáttur við þetta en eftir að Ronja slysaðist til að segja foreldrum sínum frá urðu þau heldur óttaslegin. „Þau áttuðu sig á því að mér yrði ekki hnikað enda var þetta endanlega mín ákvörðun, minn líkami og mitt ferli.“

Ég hafði fulla trú á því að þetta væri öruggasta leiðin til að fæða barnið mitt. Ekkert benti til þess að ég myndi ekki eiga heilbrigða og eðlilega fæðingu.“ Í langflestum tilvikum þar sem konur fá að fæða ótruflaðar gengur allt upp, að sögn Ronju. „Enginn getur vitað betur hvað er að gerast í líkama mínum en ég sjálf.“

Auðvitað geri ég mér grein fyrir að í örfáum tilvikum ganga fæðingar ekki eins og náttúran ætlaði og í þeim tilvikum er ég óendanlega þakklát fyrir vestrænar lækningar. En ég veit líka að óþarfa inngríp af hendi heilbrigðisstarfsfólks eru sorglega algeng, og ég vildi gera allt sem ég gat til að forðast slík inngríp.“

Inngrip séu því miður reglan en ekki undantekningin í kerfinu og telur Ronja það vera eina af helstu ástæðum þess að margar konur eigi slæma fæðingarreynslu. Ronja tekur dæmi um að algengt sé að athuga útvíkkun á leghálsi kvenna.

„Þú getur farið frá einum í útvíkkun upp í tíu á hálf tíma eða þú getur verið í tíu og farið aftur niður í sex. Það er því alger óþarfi að hendir séu settar svo oft upp í leggöngin á konu þegar það segir ekkert til um hvort fæðingin muni taka 20 tíma eða 20 mínútur.“ Ronja segir fjölmörg dæmi vera um annars konar inngríp sem eigi það sameiginlegt að konur fái ekki að fæða á sínum eigin tíma.

Það gaf því augaleið að Ronja treysti sjálfri sér best í fæðingunni. „Ef svo ólíklega vildi til að ég þyrfti virkilega á hjálp að halda hefði þurft að kalla á sjúkrahúsið hvort sem ljósmóðir væri til staðar eða ekki.“

#### Hversdagsleg fæðing

Allt lá því fyrir daginn sem yngri dóttirin, Aþena, fæddist. Dagurinn byrjaði snemma, Ronju leið örlítið skringilega svo hún ákvað að drekka morgunteið sitt í rigningunni úti í garði. Hún hugsaði aðeins um lifið og tilveruna þar til hún heyrði að eldri dóttir hennar var vöknud. „Þá fór ég inn og vakti Klemens og sagði honum að það væri líklegast að koma barn í dag. Hann stökk upp eins og ég væri að biðja hann um að grípa barnið,“ segir Ronja hlæjandi.

Hún hélt að þetta myndi líklega ekki gerast fyrr en um kvöldið og leyfði deginum því að ganga sinn vanangang. „Það sem ég óttaðist mest þegar ég fór inn í þetta var að ég heldi að ég ætti klukkutíma eftir þegar ég ætti tuttugu tíma eftir svo að ég var mjög ákveðin í að halda áfram með daginn.“ Ronja byrjaði að brjóta saman þvott en komst fljótt að því að hún átti erfitt með einbeitingu. „Ég fattaði allt í einu að allur þvotturinn sem ég var að brjóta saman var ekki brotinn saman.“

Fljótlega fór Ronja að finna fyrir verkjum en þar sem hún var viss



### HJÚKRUNARFRÆÐINGUR- INN SEM SVARAÐI SÍM- ANUM VAR GAPANDI YFIR ÞESSUM UPPLÝSINGUM OG SAGÐI MÉR AÐ HRINGJA Á SLÖKKVILIÐIÐ.

um að hún ætti langa fæðingu fram undan ákvað hún að fara í bað. „Klemens spurði hvort hann ætti að vera með mér en ég fann bara að hann fór mjög mikið í taugarnar á mér þannig að ég bað hann um að vera frammi og setja í uppþvottavélina.“ Ronja segir Klemens hafa verið yndislegan í gegnum ferlið. „Eina beina hlutverkið sem hann hafði var samt bara að ef mér væri að blæða út þá myndi hann hringja á sjúkrahúsið,“ bætir hún kímni við.

Hún tekur fram að þrátt fyrir verki hafi hún aldrei beinlínis fundið fyrir sársauka. „Ég lá bara í baðinu þar sem tíminn leið mjög skringilega og allt í einu fann ég þörfina fyrir að rembast.“ Ronja segir að það hafa verið í fyrsta og eina skiptið sem hún örvænti í fæðingunni. „Ég trúði ekki að ég væri komin svona langt, ég var alltaf að biðja eftir staðnum þar sem mig myndi langa til að drepa mig, það er þannig sem flestar konur lýsa fæðingu og þannig sem mér hafði líðið þegar ég fæddi eldri dóttur mína.“

#### Fæddist í baðkarinu

Örvænting varð ekki lengi. „Lík-

aminn er svo ótrúlegur að maður þarf ekki að gera neitt, líkaminn byrjaði að ýta barninu út og ég reyndi bara að halda mér í, það var það eina sem maður gat gert, bara sleppa algerlega takinu.“

Ronja kallaði í Klemens og eftir tvær hríðir í viðbót birtist höfuð Aþenu í vatninu. „Ég man eftir að ég fann hvað hún var með ótrúlega mikið hár og ég fann lítið eyra, og litinn munn og ég fann að munnurinn opnaðist þegar ég snerti hann.“ Eftir að hún hafði rembst einu sinni í viðbót fæddist lítil fjólublá stúlka sem öskraði af lifs og sálar kröftum. „Klemens tók nokkrar myndir og svo fórum við bara upp í rúm og við hringdum í foreldra okkar.“

Fylgjan kom stuttu seinna í rúmið. „Ég ætlaði að vera með soðin skæri til hliðar til að klippa naflastrenginn en við vorum ekki búin að gera það þannig að við settum bara fylgjuna í skál og geymdum hana.“ Fylgjan biður nú eftir hlutverki í frystinum hjá þeim hjúum. „Mér fannst eitthvað svo hræðilegt að henda líffærinu sem var búid að halda lifi í barninu mínu í ruslið með heimilísúrganginum,“ segir Ronja sem býst við grafa fylgjuna einn daginn.

Ronja og Klemens höfðu ekki látið neinn vita að hún væri farin af stað af hræðslu við að aðstandendur myndu fórná höndum og hringja í sjúkrahúsið. „Það var reyndar svolítið myndið að bara svona korteri áður en Aþena fæddist þá talaði ég við systur mína í símann og sannfærði hana um það væri ekkert í gangi.“

#### Sagt að hringja á slökkviliðið

Eftir að Aþena fæddist var hringt upp á Landspítala til að tilkynna að hún væri fædd og fá heimaþjónustu. „Hjúkrunarfræðingurinn sem svaraði símanum var gapandi yfir þessum upplýsingum og sagði mér

að hringja á slökkviliðið.“

Ronja sá enga ástæðu til að bjóða slökkviliðinu í heimsókn en fékk heimaljósmóður til að lita til sín og Aþenu og staðfesta að allt væri eins og það ætti að vera.

„Þetta sannaði fyrir mér það sem ég vissi en átti eftir að upplifa sjálf, að líkami minn vissi hvernig ætti að búa til barn og gæti klárað það ferli með því að fæða það.“

Viðbrögð fólks hafa ekki látið á sér standa. „Ég fæ oft að heyra hvað ég sé ótrúlega hugröck að hafa gert þetta.“ Ronju finnst meira hugrekki að leggja traust sitt á aðra og fæða í aðstæðum sem ekki er hægt að hafa stjórn á. „Þegar ég var uppi á spítala leið mér eins og það væri verið að biðja mig um að kúka á mig fyrir framan þúsund manns. Mér finnst ótrúlegt að ég hafi getað fætt Valkyrju í aðstæðum þar sem mér leið svona óþægilega.“

#### Ekki róttækt heldur sjálfsgagt

Ronja furðar sig á því að það þyki róttækt að fæða barn sitt ein og líður eins og margir haldi að hún hafi gert þetta af hroka og vanþekkingu. „Fyrir mér var þetta bara mun einfaldari og hentugri lausn.“ Mikilvægast finnst Ronju vera að konur fái að velja þær aðstæður sem þeim líður vel í. „Hvort sem það er inni á spítala, fæðingarheimili eða ein inni á klósetti þá er það frábært svo lengi sem konur fá að velja það sjálfar.“

Hún segir fæðingarreynslu sína hafa verið dásamlega og hefði jafnvel viljað að hún hefði varað lengur. „Ég er nánast þínu svekkt yfir að þetta hafi ekki tekið lengri tíma vegna þess að þetta voru bara þrjár, fjórir tímar, í heildina.“ Þó hafi fæðingin verið fullkomin á sinn hátt. „Þetta var bara eins hversdagslegt og það gat orðið, akkúrat eins og það átti að vera, bara partur af lifinu.“

## ÚTSALAN ER HAFIN ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR



BURBANK TUNGUSÓFI  
Stærð: 250X165cm  
Verð: 218.000,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 167.860,-



CLEO TUNGUSÓFI  
Stærð: 278X172cm  
Verð: 229.900,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 179.322,-



ALEXA STÆKKANLEGT BORD  
Stærð: 190(230)X 90cm  
Verð: 138.000,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 89.700,-



CUBE SKENKUR  
Stærð: 160X40X H: 80cm  
Verð: 129.900,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 97.425,-



HRINGBORD – hvítt háglans  
Stærð: 120X120cm  
Verð: 57.000,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 39.900,-



AGATA BORD – gegnheill ACACIA viður  
Stærð: 200X100cm  
Verð: 99.900,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 59.940,-



JADE LEÐURSTÓLL  
Verð: 35.000,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 29.750,-



TWIST STÓLL  
Verð: 17.900,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 12.530,-



CIRO STÓLL  
Verð: 24.500,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 19.600,-



MILO STÓLL  
Verð: 17.900,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 13.425,-



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,  
tengdafaðir og afi,

### Sigurður Guðmundsson

véltjóri,  
Leirubakka 28,  
Reykjavík,

lést á Droplaugarstöðum föstudaginn  
2. ágúst. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju  
miðvikudaginn 14. ágúst klukkan 13.

**Kristín María Westlund**  
**Herdís Dögg Sigurðardóttir** **Kristinn Johnsen**  
**Kristín Eva Sigurðardóttir** **Ingvar Pálmarsson**  
og barnabörn.

Algeræði, hlýja og vörðug Við andlát ástvinar



Álfheimum 35, 104 Reykjavík  
Sími 553 5353 og 821 5353

**Ísleifur Jónsson** **Steinunn Magnúsdóttir**  
Útfararstjóri Útfararþjónusta  
Farsími 821 5353 Farsími 861 3441

www.usr.is  
isleifur@usr.is  
**Þjónusta allan sólarhringinn**

## Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Stofnað 1990

Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi



Sími · 567 9110 · utfarir@utfarir.is · www.utfarir.is

Við erum til staðar  
þegar þú þarft á  
okkur að halda

Magnús Sævar Magnússon,  
umsjón útfara



## Útfararþjónusta & lögræðipjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og fram-  
kvæmd útfara ásamt vinnu við dánarbússkiptin.  
Við þjónum með virðingu og umhyggju að  
leiðarljósi og af faglegum metnaði.

Með kærleik og virðingu

Útfararstofa Kirkjugarðanna  
Vesturhlíð 2, Fossvogi | Sími 551 1266 | [utfor.is](http://utfor.is)

### Viltu birta minningargrein á [frettabladid.is](http://frettabladid.is)?

Minningargreinar skal senda á [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is).  
Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á [frettabladid.is/timamot](http://frettabladid.is/timamot)

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli  
og útfarir má senda á netfangið  
[timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is)  
eða hringja í síma 550 5055.



Skúli S. Ólafsson, sóknarprestur Neskirkju, segir þema verkanna byggja á regnbogaþræði. FRÉTTABLAÐID/VALLI

# Hinsegin list í Neskirkju

Á sýningu sem ber yfirskriftina „Regnbogabraut: Falin saga í 1200 ár“ eru kynnt verk eftir listamennina Logn Draumland, Viktoríu Guðnadóttur og Hrafnel Sigurðsson.

Í tilefni Hinsegin daga 2019 verður opnuð hinsegin myndlistarsýning í Neskirkju í Reykjavík á sunnudaginn. Á sýningunni sem ber yfirskriftina „Regnbogabraut: Falin saga í 1200 ár“ verða kynnt verk eftir listamennina Logn Draumland, Viktoríu Guðnadóttur og Hrafnel Sigurðsson.

Skúli S. Ólafsson, sóknarprestur Neskirkju, segir þema verka listamannanna byggja á regnbogaþræði sem er hinsegin leiðsögn á grunnsýningu Þjóðminjasafnsins, „Þjóð verður til“, sem var opnuð haustið 2018. „Þar þótti skorta á sýnileika hinsegin fólks. Eini augljósi minnisvarðinn um tilvist hinsegin fólks var regnbogafáni sem að lokum var fenginn fastur samastaður á færibandinu sem er táknmynd þjóðarsögunnar síðustu 119 árin.“ segir Skúli.

Niðurstaðan var samstarf Sjónlistaráðs Neskirkju og Þjóðminjasafnsins um að bjóða listafólki að vinna ný verk sem byggja á þeim í regnbogaþræðinum. Nýr meðlimur sjónlistaráðsins, Ynda Gestsson, átti frumkvæði að sýningunni.

### Tengir þjóðkirkjuna við hinsegin fólk

Skúli segist afar spenntur fyrir sýningunni en þar er unnið út frá ýmsum stefnum sem tengjast baráttu hinsegin fólks, eins og regnboganum, fordómum og þöggun. „Verkunum er ætlað að veita innsýn í reynsluheim og tilfinningar hinsegin fólks gagnvart valdastofnunum þjóðfélagsins ásamt því að fagna fjölbreytileika sköpunar og mannlífs.“ segir hann. Skúli segir listkynningarnar mikilvægur fyrir safnaðarstarfið. „Við getum lagt út af þeim verkum sem eru í sýningu hverju sinni. Ég er að vonast til að byggja betri tengingar þjóðkirkjunnar við hinsegin fólk.“ segir sóknarpresturinn.



Ég er að vonast til að byggja betri tengingar þjóðkirkjunnar við hinsegin fólk.

### Hrafnell: Myndeind frá Hubble

Hrafnell Sigurðsson sem lauk meistaranámi í myndlist á Englandi árið 2002 hefur sýnt verk sín bæði á Íslandi og erlendis. Verk hans eru í einka- og opinberum söfnum víða um heim.

Í verki Hrafnells „Upplausn“ er varpað fram þeirri hugmynd hvort hægt sé að leysa upp veruleikann og mannlega tilveru. Hann velur myndeind úr ljósmynd sem tekin var með Hubble-geimsjónaukanum og hefur verið stækkuð upp að ystu mörkum. Þar tekur ímyndunaraflíð við og til verður flókin raf-textill sem er vísir að stafrænu málverki. Með því að horfa sífellt dýpra inn í myndina er áhorfandinn leiddur lengra en nokkur hefur komist áður: að innstu myndeindinni, að kjarna regnbogans, tákni hinseginleikans.

### Logn: Hinsegin feitir líkamar

Logn Draumland lauk háskólanámi í myndlist á Englandi árið 2015. Hún hefur sýnt bæði á Englandi og Íslandi og eru verk hans í einkasöfnum í báðum löndunum. Einnig hefur Logn annast sýningarstjórnun héraendis sem og á

Englandi þar sem hún hefur unnið fyrir myndlistarsamvinnuhópinn „(Inspire)d Wo(me)n“

Verk Logns ber titilinn „Hinsegin feitir líkamar, staðfesting á tilvist“. Verkið segir sögu skamrar í íslenskri menningu heiðni, kristni og ríkjandi hugmyndafræði hvers tíma. Í kynningu á sýningu segir: „Til að snúa dæminu við, efla samtakamáttinn og valdefla þá valdalausni teflir Logn fram líkómum sem tengjast órjúfanlegum böndum þegar þau geysast fram og útúr römmunum til að skila skömminni þangað sem hún á heima í samfélagi fordóma, ofbeldis og kúgunar.“

### Viktoría: Þöggun

Viktoría Guðnadóttir lauk meistaranámi í myndlist í Hollandi árið 2002. Hún hefur sýnt bæði á Íslandi og í Hollandi og eru verk hennar í einkasöfnum í báðum löndunum.

Í verkinu „Þöggun“ veltir Viktoría fyrir sér konu sem grafin er undir gleri í gólfi Þjóðminjasafnsins. Tengsl Viktoríu við hina látnu konu byggjast á vangaveltum um kynhneigð hennar og samsömun kvenna á ólíkum tímum. Viktoría segir að fátt hafi veitt samkynhneigðri konu skjól við upphaf Íslandsbyggðar. Söguheimildir sýna að kirkjulegum yfirvöldum hafi verið kunnugt um samkynja ástir. Í skrifta-boðum Þorlaks biskups frá 12. öld segir að það teljist synd ef „konur eigast við þangað til er þeim leysir girnd“. „Þessu flókna samspili þöggunar, kærleika og kúgunar kemur Viktoría á framfæri með djúpa samkennd að leiðarljósi án þess að ganga fram hjá sorg og sársauka.“ segir enn fremur í kynningu.

Sýningin á Hinsegin myndlist í Neskirkju, Reykjavík stendur frá sunnudegi 11. ágúst til loka októbermánaðar.

[david@frettabladid.is](mailto:david@frettabladid.is)



**Sigurjón Jóhannesson**  
fyrirverandi skólastjóri á Húsavík,  
andaðist þann 6. ágúst síðastliðinn á  
94. aldursári. Útför hans fer fram frá  
Húsavíkurkirkju laugardaginn  
17. ágúst nk. kl. 14.00.

**Jóhanna Antonsdóttir**  
**Jóhannes Sigurjónsson**  
**Sigríður Sigurjónsdóttir** **Guðmundur Örn Ingólfsson**  
**Guðrún Sigurjónsdóttir** **Einar Hrafnkell Haraldsson**  
**Guðmundur Sigurjónsson**  
**Haraldur Sigurjónsson** **Sif Gylfadóttir**  
og aðrir aðstandendur.



Ástkær eiginkona, móðir,  
tengdamóðir, amma og langamma,  
**Ólína Guðmundsdóttir**  
Dverghömrur 19,  
lést á líknardeild Landspítalans  
föstudaginn 2. ágúst.  
Útför verður gerð frá Frikirkjunni í  
Reykjavík þriðjudaginn 13. ágúst kl. 15.

**Einar Sigurbergsson**  
**Ragnar Ómar Einarsson** **Hrund Elvan Friðriksdóttir**  
**Arnfríður Einarsson** **Stefán Hermannsson**  
**Bergur Einarsson** **Guofen Kan**  
**Heimir Einarsson** **Kristrún Guðjónsdóttir**  
**Einar Óli Einarsson**  
**Hinrik Einarsson**  
ömmubörn og langömmubörn.



Okkar kæra  
**Sólveig G. Eysteinsdóttir**  
kjólameistari,  
Sólheimum 23, Reykjavík,  
lést sunnudaginn 4. ágúst.  
Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju  
fimmtudaginn 15. ágúst kl. 13.00.

**Aðstandendur**



Okkar ástkæri eiginmaður, faðir,  
tengdafaðir og afi,  
**Magnús Sigfússon**  
húsasmiður,  
Kvíholti 10, Hafnarfirði,  
lést á Vífilsstöðum mánudaginn  
5. ágúst. Útförin fer fram frá  
Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 14. ágúst kl. 13.

**Auðdís Karlsdóttir**  
**Sigfús Magnússon** **Halldóra Jóhannesdóttir**  
**Ísak Sigfússon**  
**Gígja Sigfúsdóttir**  
**Ásbjörn Jónel Sigfússon**



Elsku mamma okkar, tengdamamma,  
amma og langamma,  
**Sofie Marie Markan**  
síðast til heimilis í Lækjasmára 8,  
Kópavogi,  
lést á hjúkrunarheimilinu Skjólí  
miðvikudaginn 31. júlí. Hún verður  
jarðsungen frá Frikirkjunni í Reykjavík mánudaginn  
12. ágúst kl. 13. Þeir sem vilja minnast hennar láti  
Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra njóta þess.

**Anne-Marie Markan**  
**Ingrid Markan** **Nicholas Jones**  
**Inga Huld Markan** **Kjartan Sveinsson**  
**María Huld Markan Sigfúsdóttir**  
**Fróði, Tumi og Móey**



Elsku hjartans maðurinn minn  
og besti vinur,  
**Freysteinn Jóhannsson**  
blaðamaður,  
lést úr höfn frá Hrafnistu í Hafnarfirði  
24. júlí og hefur útför hans farið fram  
með þeim hætti sem hann óskaði.

Þakklæti til allra þeirra sem glöddu hann og lögðu  
lið í veikindum hans og þá sérstaklega starfsfólks  
hjúkrunarheimilisins Höfða á Akranesi fyrir áralanga  
kærleiksrika umönnun. Einnig færur við þakkir starfsfólki  
4A á Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir einstaka alúð sl. mánuð.  
Megi ljós og kærleikur umvefja ykkur öll.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**  
**Jóna Ágústa Ragnheiðardóttir**



Okkar ástkæri  
**Baldvin Tryggvason**  
fyrirverandi sparisjóðsstjóri,  
verður jarðsungen frá Hallgrímskirkju  
mánudaginn 12. ágúst kl. 13.  
Blóm eru afþökkuð, en þeim sem vilja  
minnast hans er bent á líknarfélög.

**Halldóra J. Rafnar**  
**Sveinbjörn I. Baldvinsson**  
**Tryggvi M. Baldvinsson**



Bróðir okkar,  
**Guðmundur Karl Jónsson**  
Áshamri 69,  
áður Miðstræti 26,  
Vestmannaeyjum,  
lést á HSU í Vestmannaeyjum  
2. júlí sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey  
að ósk hins látna. Sérstakar þakkir til séra Guðmundar  
Arnar Jónssonar og allra þeirra sem önnuðust hann í  
veikindum hans.

**Stefán Óskar Jónsson**  
**Anna María Jónasdóttir**  
**Ásta María Jónasdóttir**  
og fjölskyldur.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,  
amma og besta vinkona,  
**Guðbjörg Þórisdóttir**  
fyrirverandi skólastjóri og kennari,  
sem lést á Droplaugarstöðum við  
sólurupprás föstudaginn 2. ágúst, verður  
jarðsungen frá Hallgrímskirkju mánudaginn  
12. ágúst. Sérstök athygli er vakin á því að athöfnin  
hefst kl. 16.00.

**Einar Árnason** **Þóra Karítas Árnadóttir**  
tengdabörn og barnabörn.



Elskuleg mamma okkar,  
tengdamamma, amma og langamma,  
**Guðbjörg Ásgeirsdóttir**  
Sindragötu 4, Ísafirði,  
lést á sjúkrahúsinu á Ísafirði  
föstudaginn 26. júlí. Útförin hefur farið  
fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Guðrún Guðbjargardóttir**  
**Ásgeir Guðbjartur Pálsson** **Gyða Hrönn Ásgeirsdóttir**  
**Steinar Hermann Ásgeirsson**  
**Ásgeir Páll Ásgeirsson**  
**Guðrún Björg Ásgeirsdóttir**  
**Rakel Sara Steinarsdóttir**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi,  
langafi og bróðir,  
**Sigurður Björgvin Viggósson**  
lést í faðmi barna sinna á  
hjúkrunarheimilinu Grund þann  
1. ágúst. Útförin fer fram frá Frikirkjunni í  
Hafnarfirði föstudaginn 16. ágúst klukkan  
13.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim  
sem vilja minnast hans er bent á Félag nýrnasjúkra.

**Valgerður Lisa Sigurðardóttir** **Jón H. Steingrímsson**  
**Sigurður Elvar Sigurðsson** **Ragnar Ólafsson**  
**Rakel Árdís Sigurðardóttir** **barnabörn og barnabarnabörn**  
**Eiríkur Viggósson**  
**Alda Viggósdóttir**  
**Björg Viggósdóttir**  
**Ólafur Agnar Viggósson**



Okkar ástkæra  
**Bryndís Steinþórsdóttir**  
hússtjórnarkennari,  
Dalbraut 14, Reykjavík,  
lést þriðjudaginn 30. júlí.  
Útför hennar fer fram frá Áskirkju  
miðvikudaginn 14. ágúst kl. 13.00.

**Hjörtur Þórarinnsson**  
**J. Ingimar Hansson, Snorri Hansson**  
**Ásdís Arnardóttir, Sigrún Ingibjörg Arnardóttir**  
**Erna Arnardóttir, Magnús Arnarson**  
**Sigrún Hjartardóttir**  
og fjölskyldur.



Okkar ástkæra eiginkona, móðir,  
tengdamóðir og amma,  
**Sigrún Jónína Jensdóttir**  
græðari,  
lést á hjúkrunarheimilinu Seltjörn  
2. ágúst síðastliðinn.  
Hún verður jarðsungen frá Vídalínskirkju  
miðvikudaginn 14. ágúst klukkan 15.00.

**Hilmar Logi Guðjónsson**  
**Þorbjörg Helga Hilmarsdóttir** **Viðar Ágústsson**  
**Hafðís Hilmarsdóttir** **Bjarni Jón Jónsson**  
**Atli Logi Mørreaunet, Hilmar Daði Bjarnason,**  
**Sigrún Dís Bjarnadóttir**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,  
tengdafaðir og afi,  
**Ragnar S. Halldórsson**  
verkfræðingur og  
fyrirverandi forstjóri,  
lést á Landspítalanum í Fossvogi  
miðvikudaginn 7. ágúst.  
Útförin verður auglýst síðar.

**Margrét K. Sigurðardóttir**  
**Kristín Vala Ragnarsdóttir** **Jóhanna H. Jónsdóttir**  
**Halldór Páll Ragnarsson** **Þórdís Kjartansdóttir**  
**Sigurður R. Ragnarsson** **Hjálmar Gíslason**  
**Margrét Dóra Ragnarsdóttir**  
og barnabörn.



Ástkær móðir okkar,  
tengdamóðir og amma,  
**Hlíf Borghildur Axelsdóttir**  
var bráðkvædd fimmtudaginn 1. ágúst.  
Útförin fer fram í Langholtskirkju  
þriðjudaginn 13. ágúst kl. 15.

**Axel Pétur Axelsson** **Tigist Wolde Werdofa**  
**Guðmundur Bragason** **Jóhanna Gísladóttir**  
og barnabörn.



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda  
samúð og hlýhug við andlát og útför  
heittelskaðs eiginmanns, föður,  
tengdafaðir og afa,  
**Ólafur Jónssonar**  
Áslandi 2, Mosfellsbæ.

**Kristín Sæunnar Sigurðardóttir**  
**Sæunn Ólafsdóttir** **Benedikt Arnarson**  
**Íðunn Ólafsdóttir** **Árni Valur Skarphéðinsson**  
**Ólöf Árnadóttir, Skarphéðinn Stefán Arnason,**  
**Pula Guðrún Árnadóttir, Rikharður Rafn Árnason,**  
**Baldur Benediktsson og Freyja Benediktsdóttir**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli  
og útfarir má senda á netfangið  
[timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is)  
eða hringja í síma 550 5055.

# OPNUMÍ

NÝ GLÆSILEG VERSLUN Í MÖRKIN



ALLT AÐ  
**60 ÞÚSUND**  
AFSLÁTTUR AF YFIR  
300 FARTÖLVUM

**FREI**  
THONET & VANDER  
FERÐAÁTALARAR  
**3.995**  
VERÐ ÁÐUR 7.990

**50%  
Afsláttur**  
MEDAN BIRGÐIR  
ENDAST



**OPIÐ  
ALLA HELGINA**  
Ljúffengur Emmessís í  
boði alla helgina og  
pýlsuveisla í dag  
laugardag

**GPS**  
WONLEX KRAKKAÚRIN  
KOMIN AFTUR:)  
**7.992**  
VERÐ ÁÐUR 9.990



**20%  
Afsláttur**  
MEDAN BIRGÐIR  
ENDAST



**emmessis**



**20%  
Afsláttur**  
AF ÖLLUM PS4  
LEIKJATÖLVUM  
OG PS4 VR



Allt að  
**50%  
Afsláttur**  
MÓÐURBOÐ OG  
SKJÁKORT



Allt að  
**50%  
Afsláttur**  
AF FARTÖLVU-  
TÖSKUM



**TÖLVUTEK**

Reykjavík • Mörkin 3 • 563

# DAG KL 10

INI 3 • FJÖLDI OPNUNARTILBOÐA



20%  
Afsláttur  
MEÐAN BIRGÐIR  
ENDAST

144Hz  
ACER 24" 144Hz  
LEIKJASKJÁR  
29.592  
VERÐ ÁÐUR 36.990

STÓLL  
COMMANDER LÚXUS  
LEIKJASTÓLL  
19.794  
VERÐ ÁÐUR 32.990



40%  
Afsláttur  
MEÐAN BIRGÐIR  
ENDAST



ALLT AÐ  
60  
ÞÚSUND  
AF ÖLLUM LEGION  
LEIKJATURNUM

ALLT AÐ  
50%  
AFSLÁTTUR  
AF YFIR 1000  
VÖRUM



50%  
Afsláttur  
AF ÖLLUM  
STAR WARS  
DRÖNUM



Allt að  
50%  
Afsláttur  
AF HEYRNAR-  
TÖLUM




50%  
Afsláttur  
ÖLL MINNISKORT  
OG LYKLAR


10. ágúst 2019 • Tilboð gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabreyngi

6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



## Lausnarorð síðustu viku var KERLINGARFJÖLL



**LAUSNARORÐ:** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist vísindi sem eru okkur sérlega mikilvæg. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 16. ágúst á [krossgata@frettabladid.is](mailto:krossgata@frettabladid.is) merkt „10. ágúst“.

\_\_\_\_\_



FORLAGIÐ

### VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Meðleigjandinn** eftir **Beth O'Leary** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Árni Stefánsson, Sauðárkróki**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

### LÁRÉTT

- 1 Viðfrægar vísindakonur leita endimarka asna-skapsins (11)
- 10 Æfi mig í vinnu sérfræðings á heilbrigðissviði (10)
- 11 Um gimblsbungu lærði ég, að hún dugar helst í pottrétt (11)
- 13 Í heildina útheimtir þetta alveg nóg fé (10)
- 14 Snúum okkur að innihaldinu, með tilliti til ástæðunnar (11)
- 15 Dráttarsegli má líkja við orkumikla kynjaskepnu (10)
- 17 Hér segir af stjórnmála-hreyfingu samhentra

- tugthúslima (11)
- 18 Strókur úr sviðnum sterti stækkar æðar (10)
- 22 Einn fleinn er öðrum fremri og heldur hinum á beinu brautinni (9)
- 26 Segjast ósáttir við þann tíma sem gefst til mót-mæla (13)
- 29 Gleymdi karfasíðunum í karfahæjunum (8)
- 31 Komast neðar en lið næstu manna (7)
- 32 Lausnin er í Draumaforminu, verkinu sem beðið var um (10)
- 33 Af Stuðmanninum fyrrverandi frá Strýtu, honum Sigurði (5)
- 34 Skvetti sál úr skinnsockn-

- um í þessu úrhelli (7)
- 37 Úthlutur aðeins sólarhring, þótt mínir bitar dugi fyrir marga (11)
- 39 Leyfi klíkunni að ráða hamingjunni (7)
- 42 Baktalsstemming ein-kennir þau sem eru að kroppa (8)
- 44 Skrúfan og spaðarnir eru ekki vélin, þótt margir haldi það (11)
- 45 Mikill er kraftur gorms sem klukkuna knýr (10)
- 46 Ertu vernduð gegn afleiðingum tjóns sem ljúgvitni valda? (10)
- 47 Hef sett mark mitt á tigin-borið lið þar sem helst er verslað (10)

### LÓÐRÉTT

- 1 Vil standa við mín heit ef ég get, þótt það sé ávísun á endalok alls (9)
- 2 Hræri nr. 49 saman við nr. 1000 og úr verður angandi samsuða (9)
- 3 Vinnumálastofnun vantar duglegt fólk (9)
- 4 Hengi nælu í fyrsta laxinn (10)
- 5 Segjum jötni að farga sínum ofurdrekum (10)
- 6 Efnisveita sýnir þætti um útungunarstöð margra fugla (8)
- 7 Konur sem engin kannast við hvetja til agabrota (8)
- 8 Risi notar lakk í lokka (8)
- 9 Kláraði að ganga frá

- grænmeti (6)
- 12 Kom uppúr grárru keldu með füllu kerlu? (7)
- 16 Af ranglega samanlögðu bókhaldi (10)
- 19 Rölti inn í útigeymsluna með fyrsta stafinn í eftir-dragi (9)
- 20 Hlustaþráður er skjóllitil skjólflik (9)
- 21 Ég keypti mat, væni, og sá kjarnmiklu varð fyrir valinu (8)
- 23 Þegar vitið þjófinn uppi? (12)
- 24 Stakur steinn hjálpar við störf sérsveitar (11)
- 25 Tók með mér 1001 nótt og súkkulaði (5)
- 27 Þykir vænt um gengna

- forfeður, einkum afa, það valmenni sem hann var (8)
- 28 Brjálaður leiði – þetta er nú ekki ósvikul vísibending (5)
- 30 Vill að ég tæmi öll pláss í dallinum jafnóðum og hann fyllir þau (10)
- 35 Tökum Persana í nefið – eða segir maður nefin? (7)
- 36 Skellum okkur út og klöppum egg (7)
- 38 Mylsnuöryggi bætir það sem þú brýtur (6)
- 40 Friðar land sem þú lokar af (6)
- 41 Þoli ekki tuð um ránfugla og önnur tól (6)
- 43 Les úr táknum dulmáls-klúta (5)

### LÉTT

			2		4	5
		8	4	3		
9		2	1	8	3	
1	3	5				7
		9		8	5	
7			3	2		9
						2
	5					6
3	7		9			

### MIDLUNGS

9				7	2	
2	7	5			9	
		8				7
	2	1				8
					6	4
	8		2	3	7	
6	5				8	
4				6		9
	9	3	1			

### ÞUNG

2				1	4	
8	6	3			5	7
	1		5			3
4					3	
1	2			6		8
3				4		1
5	3	2		7		
		9		4		
			6			9

8	4	5	9	2	6	1	3	7
2	9	6	3	1	7	5	4	8
1	7	3	5	4	8	6	9	2
6	1	4	7	8	5	3	2	9
5	8	9	6	3	2	4	7	1
3	2	7	1	9	4	8	5	6
7	3	1	4	6	9	2	8	5
9	6	8	2	5	3	7	1	4
4	5	2	8	7	1	9	6	3

9	4	8	1	6	5	2	3	7
3	6	5	2	7	4	9	8	1
1	7	2	3	8	9	4	6	5
7	3	1	4	9	8	6	5	2
2	8	6	5	3	1	7	4	9
4	5	9	6	2	7	3	1	8
6	1	3	7	5	2	8	9	4
8	2	4	9	1	3	5	7	6
5	9	7	8	4	6	1	2	3

9	8	7	1	2	3	4	6	5
3	2	4	6	8	5	7	9	1
1	5	6	4	9	7	3	8	2
6	1	5	9	7	8	2	3	4
4	3	8	2	5	6	1	7	9
2	7	9	3	1	4	6	5	8
5	9	1	7	3	2	8	4	6
7	4	2	8	6	9	5	1	3
8	6	3	5	4	1	9	2	7

Brautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

### Skák Gunnar Björnsson

#### Svartur á leik



Dubinin átti leik gegn Fiegler árið 1978.

1. ... Rg3+! (Önnur ekki síður falleg vinningsleið er 1. ... Df3!). 2. Kg1 Re2+ 3. Kh1 Bxg2+ 4. Kxg2 Dg4+ 5. Kh1 Df3# 0-1. Á morgun fer fram Stórmót TR og Árbæjarsafns sem segja má að marki upphaf skák-vertíðarinnar í haust. EM ungmenna lýkur í dag í Bratislava í Slóvakíu.

[www.skak.is](http://www.skak.is): Stórmót TR og Árbæjarsafns.

### Bridge Ísak Örn Sigurðsson

#### VEL HEPPNUÐ SÖGN

Nokkrir af fremstu bridgespilurum landsins eru duglegir að keppa á alþjóðlegum mótum utan Íslands. Meðal þeirra er Júlíus Sigurjónsson, sem hefur oft náð góðum árangri með þeim sveitum eða spilafélögum sem hann hefur spilað með. Dagana 5.-10. ágúst fór fram sterk og fjölmenn alþjóðleg keppni í Nýju Delhí í Indlandi. Mótið bar heitið 17th HCL International Championship. Meðal keppna á þessu móti var Team of Four Gold sveitakeppni með þátttöku 55 sterkra sveita. Júlíus Sigurjónsson var í sveit sem nefnd er eftir honum; Don Julio. Í sveit með honum eru Corey Krantz (spilafélagi Júlíusar), Radu Nistor, Raluca Elena Pobrescu og Lulian Rotaru.

Fyrst var háð riðlakeppni og 16 efstu sveitirnar fóru síðan í úrslitakeppni. Sveit Júlíusar fór auðveldlega í hana, vann sigur í 16 liða úrslitum (134-53,5), 8 liða úrslitum (113-92) og þegar þessi orð eru skrifuð biðu 4 liða úrslit sveitar Júlíusar. Í riðlakeppninni kom þetta athyglis-verða spil fyrir. Á báðum borðum enduðu sagnir í 3 gröndum. Þegar andstæðingar Júlíusar fóru í þrjú grönd (þegar austur opnaði á einu grand og vestur hækkaði í 3 grönd) var útspil suðurs lauf. Sagnhafi friaði tígulinn og suður átti ekki erfitt með að Skipta yfir í hjarta og vörnin tók 5 slagi. Á hinu borðinu sat Júlíus í vestur. Norður var gjafari og NS á hættu:

<p><b>Norður</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>♠ G1086</li> <li>♥ KD98</li> <li>♦ 72</li> <li>♣ 982</li> </ul>	<p><b>Vestur</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>♠ K94</li> <li>♥ 1065</li> <li>♦ G65</li> <li>♣ ÁK63</li> </ul>	<p><b>Austur</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>♠ ÁD32</li> <li>♥ G2</li> <li>♦ KD983</li> <li>♣ D5</li> </ul>
<p><b>Suður</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>♠ 75</li> <li>♥ Á743</li> <li>♦ Á104</li> <li>♣ G1074</li> </ul>		

Krantz í austur opnaði á einum tígli og Júlíus sagði hjarta (af því hann sá veikleika í þeim lit). Síðan enduðu sagnir í 3 gröndum sem Júlíus spilaði. Norður valdi spaða sem útspil og Júlíus valdi drottn-inguna. Síðan var tígli spilað og suðri datt auðvitað ekki í hug að spila hjarta, inni á tígulas. Hann spilaði áfram spaða og Júlíus tók 10 slagi. Júlíus hefur oft verið í útsendingu á BBO í þessu móti.

ht.is

# RISA

# ÚTSALA!

MEIRA EN 3000 VÖRUTEGUNDIR – ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR!

TAKMARKAÐ  
**MAGN!**  
SJÁÐU ALLT  
ÚRVALIÐ Á HT.IS



## Heimilistæki

REYKJAVÍK AKUREYRI REYKJANESBÆR SELFOSS EGILSSTAÐIR HÚSAVÍK AKRANES

OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT OG GLERÁRTORGI!



## KRAKKAR

# Konráð

364

## og félagar

### á ferð og flugi

„Hvað skyldi þetta nú vera,“ sagði Konráð og tók upp pappirsblað með tölustöfum og undarlegum táknum sem hann sá liggja á jörðinni. „Mér sýnist þetta vera stærðfræðipraut,“ sagði Lísaloppa. „En þessi þarna þrjú tákni eru ekki tölustafir svo það getur nú varla verið,“ sagði Konráð. „Það er nú einmitt þrautin,“ sagði Lísaloppa.

$$\begin{array}{r} @ + ¥ - 2 = 9 @ \square \\ 3 - * + 7 = 9 * \square \\ * + 3 + @ = 9 ¥ \square \\ ¥ - @ + 8 = 9 \end{array}$$

„Að finna út fyrir hvaða tölustafi þessi þrjú tákni standa, svo þessi fjögur dæmi gangi upp,“ bætti hún við.

Getur þú reiknað út fyrir hvaða tölustafi tákni þrjú standa



## Lestrarhestur vikunnar: Inga Þóra

**Hvernig bækur þykja þér skemmtilegastar?** Ævintýrasögur og þá sérstaklega Jói og baunagrasið.

**Hvaða bók lastu síðast og um hvað var hún?** Gilitrukk og hrafninn. Hún var um lata konu og bóndann hennar. Freyja, lata konan, fékk tröllskessu til að vinna vaðmál úr ull fyrir sig.

**Hvaða bók ætlarðu að lesa næst?** Lötu stelpuna.

**Ef þú myndir skrifa bók, um hvað væri hún?** Um fjölskyldu sem færi í fri upp í sveit með hundinn sinn, en gleymdi honum svo í sveitinni og ævintýri hundsins á leiðinni heim.

**Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi hjá þér?** Arngrímur Apaskott.

**Ferðu oft á bókasafnið?** Sirka einu sinni í mánuði.

**Hver eru þin helstu áhugamál?** Að lita, hjóla og synda.

**Í hvaða skóla ertu?** Er að byrja í 1. bekk í Laugarnesskóla.



Lestrarhestur vikunnar heldur mikið upp á Jóa og baunagrasið.

Borgarbókasafnið, Bókmenntaborgin og Bókabeitan efna til sumarlesturs fyrir krakka. Verið velkomin í bókasafnið í ykkar hverfi og takið þátt í lestrarleiknum. Í hverri viku fær einn heppinn þátttakandi bók að gjöf og í lok sumarsins er veittur einn veglegur vinningur.



Hrafnkell æfir frjalsar en finnst líka gaman í fótbolta. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Langar að verða umboðsmaður í framtíðinni

Hrafnkell Hauksson er átta ára og er í Melaskóla. Hann byrjar í fjórða bekk í haust og finnst skemmtilegasta fagið í skólanum stærðfræði.

**JÁ, ÉG HEF FARIÐ TIL FJÖGURRA LANDA. ÉG MYNDI HELST VILJA FARA TIL FRAKKLANDS EF ÉG GÆTI FARIÐ HVERT SEM ER.**

**Ertu spenntur að byrja í skólanum?**

Já, já, alveg svolítið.

**Heldurðu að þú lærir eitthvað nýtt í fjórða bekk?**

Já, ég fer í heimilisfræði.

**Ertu spenntur fyrir því?**

Ég veit að það verður allavega gaman að fá að borða matinn sem ég bý til.

**Hvað ertu búinn að vera að gera í sumar?** Ég er ekkert búinn að vera að gera neitt mikið sérstakt.

**Ertu búinn að fara eitthvert í ferðalag?**

Já, svolítið mörg ferðalög. Ég fór til dæmis í einhverja fossagöngu sem mér fannst ekkert svo skemmtileg og ég man ekkert meira.

**Förstu eitthvert til útlanda?**

Nei, ég ferðaðist bara á Íslandi.

**Hefur þú farið til útlanda?**

Já, ég hef farið til fjögurra landa. Ég myndi helst vilja fara til Frakklands ef ég gæti farið hvert sem er.

**Ertu að æfa einhverjar íþróttir?**

Já, ég er að æfa frjalsar íþróttir.

**Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í frjalsum?**

Sprethlaup og grindahlaup.

**Getur þú alveg stokkið yfir grindurnar?**

Já, þetta eru ekkert hæstu grindurnar, bara svona krakka, þær eru ekkert svo háar.

**Með hvaða liði ertu að æfa?**

KR, en ég held samt líka með Liverpool.

**Þú hefur þá verið ánægður núna þegar þeim gekk svona vel?**

Já, sérstaklega af því þeim gekk svo vel í meistardeildinni. Ég hefði alveg viljað fara á leikinn en ég sá alveg tvo leiki í sjónvarpinu.

**Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?**

Mig langar til þess að verða frjalsíþróttamaður. En ég ætla líka að verða umboðsmaður litla bróður míns í fótbolta, hann er alveg frekar góður í fótbolta, hann heitir Ragnar.

**Hvað gera umboðsmenn?**

Þá bara ákveður maður hvaða lið leikmaðurinn fer í og segir kannski öðrum liðum að það sé gott að kaupa þennan leikmann og svo-leiðis.

**Hvað er uppáhaldsmaturinn þinn?**

Taco, píta og pítsa.

**Hvað setur þú á pítsu?**

Bara pepperóni, en engan ost.

**En uppáhaldsdrýkkur?**

Kók, ég má samt bara drekka það stundum. Svo þegar ég verð ungl-ingur þá ætla ég að byrja að drekka Pepsi Max, held að það sé gott en ég hef ekki smakkað það.

**Ertu duglegur að borða grænmeti?**

Nei, ekkert svo.


**Hvað finnst þér besta grænmetið?**

Svona myntulauf finnst mér best. Það er svo mikið bragð af því og ég er svo mikið fyrir sterkt þó að flestir krakkar séu ekki mikið fyrir það.



# SAGAMEDICA

“Í rúm þúsund ár hafa Íslendingar nýtt íslensku hvönnina sér til heilsubótar og þæginda”



Prenna fyrir minnið og athyglina

Minna mál og betri svefn



**Komdu í áskrift og fáðu afslátt!**  
Sími 562 8872 eða á tölvupósti [saganatura@saganatura.com](mailto:saganatura@saganatura.com)

Þú færð vörur SagaMedica í Fjarðarkaup, Nettó, Heilsuveri, Heilsuhúsinu, Hagkaup, Krónunni, flestum lyfjaverslunum og í vefverslun okkar, [sagamedica.is](http://sagamedica.is). Framleitt af SagaNatura.

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Laugardagur

Reykjavík



10 | 7  
°C | ↘

Ísafjörður



3 | 8  
°C | ↘

Akureyri



7 | 7  
°C | ↓

Egilsstaðir



9 | 7  
°C | ↓

Kirkjubæjarkl



14 | 6  
°C | ↘

Hveravellir



2 | 8  
°C | ↓

Norðan 8-13 í dag. Rigning eða súld með köflum á Norður- og Austurlandi, hiti 5 til 10 stig. Yfirleitt léttskýjað sunnan heida með hita 11 til 17 stig yfir daginn.

## Reykjavík



Sunnudagur



11 | 7  
°C | ↓

Mánudagur



8 | 8  
°C | ↘

Þriðjudagur



11 | 5  
°C | ↘

Miðvikudagur



12 | 3  
°C | ↓

Fimmtudagur



12 | 2  
°C | ↓

## Ísafjörður



3 | 8  
°C | ↘



2 | 8  
°C | ↓



4 | 5  
°C | ↘



5 | 3  
°C | ↘



6 | 3  
°C | ←

## Akureyri



6 | 9  
°C | ↘



3 | 2  
°C | →



4 | 2  
°C | ↘



5 | 2  
°C | ↘



6 | 1  
°C | ↘

## Egilsstaðir



9 | 9  
°C | ↘



5 | 4  
°C | ↗



7 | 4  
°C | ↘



7 | 4  
°C | ↘



7 | 3  
°C | ↓

## Kirkjubæjarklaustur



13 | 9  
°C | ↓



11 | 6  
°C | ↘



12 | 1  
°C | ↗



13 | 1  
°C | ←



11 | 3  
°C | ↖

## Hveravellir



2 | 10  
°C | ↘



1 | 9  
°C | ↘



5 | 6  
°C | ↘



5 | 6  
°C | ↓



7 | 1  
°C | ↘

## Pondus



## Gelgjan



## Barnalán



**Óska eftir að kaupa 230 þús. króna Toyota bíl**

Staðgreiðist.

Sími: 483 3568.

1989 **30** 2019  
ÁRA

# KOMDU Í KOLAPORTIÐ

OPIÐ ALLAR HELGAR FRÁ KL. 11.00-17.00



**KOLAPORTIÐ**  
DÁSAMLEG DEILD SAMFÉLAGSINS

# Blekhyllki.is



Blekhyllki.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind

Þú finnur draumastarfið á **Job.is**

# ALVÖRU VERKFÆRI OG SUMARVÖRUR Á SUMARTILBOÐI



brennenstuhl  
**Kapaltromla**  
25m  
**9.990 kr.**  
Áður 12.990 kr.



brennenstuhl  
**Gúmmikaplar**  
3G1,5  
10m: 2.990 kr.  
Áður 3.490 kr.  
15m: 3.990 kr.  
Áður 4.690 kr.  
25m: 5.790 kr.  
Áður 6.990 kr.



**Milwaukee**  
**Höfuðljós**  
HL-LED, 300lm  
**7.190 kr.**  
Áður 8.490 kr.



**Milwaukee**  
**Útvarp AM/FM**  
Stafrænn örgjörvi  
**29.900 kr.**  
Áður 34.900 kr.



**Hjólbörur**  
Iðnaðar  
**11.900 kr.**  
Áður 14.990 kr.

**Malarskófla**  
**1.590 kr.**  
Áður 1.990 kr.



**Trilla**  
Iðnaðar, 200kg  
**9.900 kr.**  
Áður 12.900 kr.



**Milwaukee**  
**Slipi-rokkur**  
Án rafhlöðu.  
**28.900 kr.**  
Áður 33.900 kr.



**Milwaukee**  
**Fjarlægðarlaser**  
LDM 30  
**11.490 kr.**  
Áður 13.900 kr.



**Milwaukee**  
**Sverðsög**  
með FIXTEC  
blaða klemmu  
Án rafhlöðu.  
**28.900 kr.**  
Áður 33.900 kr.



**Milwaukee**  
**Borvél og**  
höggskrúfvél  
**37.900 kr.**  
Áður 44.900 kr.



**Milwaukee**  
**Borvél**  
og aukahlutir  
**54.900 kr.**  
Áður 67.900 kr.



**Milwaukee**  
**Borvél og**  
höggskrúfvél  
**67.900 kr.**  
Áður 79.900 kr.



**Hultaför's**  
**Kúbein**  
71 cm  
**8.990 kr.**  
Áður 10.990 kr.



**Hultaför's**  
**Málbönd**  
3m 690 kr.  
Áður 890 kr.  
5m 1.090 kr.  
Áður 1.390 kr.  
8m 1.790 kr.  
Áður 2.290 kr.



**Hjólátjakkur**  
3 tonn, 52cm  
**16.992 kr.**  
Áður 19.990 kr.



**Búkki, 2 stk**  
6 tonn m/öryggisp.  
**8.990 kr.**  
Áður 11.990 kr.



**Mótorhjólalyfta**  
450 kg.  
**23.900 kr.**  
Áður 28.900 kr.



**GEDORE**  
**Topplyklasett**  
94 stk, 1/2" og 1/4"  
**13.990 kr.**  
Áður 19.190 kr.



**Hultaför's**  
**Réttiskeið**  
180 cm  
**16.900 kr.**  
Áður 21.608 kr.



**Hjólátjakkur**  
Í tösku, 2 tonn  
**5.990 kr.**  
Áður 6.990 kr.



**Hjólátjakkur**  
Í tösku, 2 tonn  
**5.990 kr.**  
Áður 6.990 kr.



**YATO**  
**Verkfæraskápur**  
12 skúffur  
**89.900 kr.**  
Áður 115.900 kr.



**Lyftiborð**  
fyrir krossara  
**24.900 kr.**



**Dekkjatjakkur**  
650kg  
**14.900 kr.**  
Áður 17.900 kr.



**Verkfæraskápur**  
7 skúffur  
**42.900 kr.**  
Áður 49.900 kr.



**Verkfæraskápur**  
172 stk, 7 skúffur  
**94.900 kr.**  
Áður 114.900 kr.



**Wera**  
**Topplyklasett**  
Check Plus  
**13.490 kr.**  
Áður 17.990 kr.



**RYOBI**  
**Hybrid sláttuvél**  
36cm - Easy Edge™  
2stk 2.5Ah rafhl. og hleðslut.  
**62.900 kr.**  
Áður 69.900 kr.



**RYOBI**  
**Sláttuorf**  
og borvél  
1stk 2.0Ah rafhláða  
og hleðslutæki  
**27.900 kr.**  
Áður 34.900 kr.

## VERKFÆRA SALAN



**RYOBI**  
**Sláttuvél 36V**  
40cm - Easy Edge™  
2stk 4.0Ah rafhl. og hleðslut.  
**74.900 kr.**  
Áður 89.900 kr.

# Þjóðlög á nótnabók með alls kyns fróðleik

**Nótnabók með íslenskum þjóðlögum í útsetningum Guitars Islancio er komin út. Jón Rafnsson fékk hugmyndina að bókinni fyrir 20 árum. Vínýlplata með 12 þjóðlögum er væntanleg.**

Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrunb@frettabladid.is



Nótnabókin Íslensk þjóðlög í útsetningum Guitars Islancio er nýkomin út. „Þetta eru íslensk þjóðlög í útsetningum Guitars Islancio, 22 þjóðlög af um 60 sem við höfum hljóðritað á geisladiska í gegnum árin,“ segir Jón Rafnsson sem hefur veg og vanda af nótnabókinni. Trióið Guitars Islancio var stofnað árið 1998 og allt frá því hafa félagarnir í trióinu, Jón, Björn Thoroddsen og Gunnar Þórðarson, lagt mikla rækt við íslensku þjóðlögin og hafa spunnit við þau þannig að einfaldar laglínur fá á sig nútímalegan blæ, í senn íslenskan og alþjóðlegan.



Jón og afadregirnir Daði Brimar og Viktor Breki Sturlusynir. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

## SÝNINGARAÐSTAÐA OG VINNUSTOFA Í ÁSMUNDARSAL 2020

Ásmundarsalur óskar eftir tillögum að sýningum, viðburðum eða uppákomum sem fanga fjölbreytileika listarinnar. Kostur er ef fleiri en eitt listform mættast í sýningu. Einnig er óskað eftir umsóknum um aðstöðu fyrir vinnustofu listamanns í Gunnfríðargryfju til tveggja mánaða í senn. Umsóknir skulu berast á netfangið [asmundarsalur@asmundarsalur.is](mailto:asmundarsalur@asmundarsalur.is) fyrir 10. september næstkomandi en með umsóknunum skulu fylgja:

- Fullt nafn listamanns
- Lýsing á fyrirhugaðri sýningu/viðburði/verkefni
- Fylgiskjöl – ferilskrá, myndir af verkum, textar o.þ.h.
- Vefsíða listamanns ef við á

